# FRÉTTABLAÐIÐ

219. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 20. SEPTEMBER 2019




Guðni Th. Jóhannesson forseti og Elísabet Jökulsdóttir, skáld og fyrrverandi forsetaframbjóðandi, stigu dans við setningu menningarhátíðarinnar Klikkuð menning í gær. Tilefni hátíðarinnar er 40 ára afmæli Geðhjálpar. Hátíðin mun standa fram á sunnudag en fjölbreytta dagskrá er hægt að nálgast á heimasíðunni klikkud.is og á Facebook. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ríkið hafnar öllum kröfum Guðjóns

**Ríkið krefst sýknu í bótamáli Guðjóns Skarphéðinssonar vegna Geirfinnsmálsins. Ríkið krefst einnig málskostnaðar úr hendi Guðjóns. Lögmaður hans segir ríkisstjórnina traðka á mannréttindum borgaranna og ætla sér að komast upp með dómsmorðin.**

**DÓMSMÁL** Ríkið krefst sýknu af öllum bótakröfum Guðjóns Skarphéðinssonar sem sýknaður var í fyrra af aðild að Geirfinnsmálinu.

Þetta kemur fram í greinargerð ríkisins sem lögð var fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þess er einnig krafist að Guðjón verði dæmdur til að greiða ríkinu málskostnað.

Í stefnu Guðjóns sem þingfest var í júní er gerð krafa um rúma 1,3 milljarða í bætur meðal annars fyrir ólöglega frelsissviptingu, ranga dóma sakadóms Reykjavíkur og Hæstaréttar og fjölmargar ólögmætar rannsóknaraðgerðir lögreglu og ákæruvalds. Í stefnunni er vísað til ómannúðlegrar meðferðar og ítrekaðra brota gegn mannlegri reisn Guðjóns.

Ríkið hafnar öllum málatilbúnaði Guðjóns meðal annars með vísan til þess að dómkrafa hans sé fyrnd en að öðru leyti hafi Guðjón sjálfur stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir bótakröfur sínar á. Vísar ríkislögmaður um þetta til málsatvika eins og þeim er lýst í sakfellingardómi Hæstaréttar frá 1980, en hann telur þann dóm hafa sönnunargildi um málsatvik þar eð sýknudómur Hæstaréttar frá því í fyrra fjalli ekkert um þau.

> **Ríkisstjórnin ætlar sér að komast upp með dómsmorðin án nokkurra afleiðinga fyrir ríkið.**
>
> Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður



Önnur gögn á borð við sérfræðiálit um falskar játningar telur ríkislögmaður ekkert sönnunargildi hafa í málinu.

„Í kröfugerðinni og röksemdum felst afstaða ríkisstjórnarinnar, sem gefur lögmanni sínum fyrirmæli, til bótakrafna þeirra sem sýknaðir voru. Þeir eigi ekki neinn rétt á skaðabótum úr hendi ríkisins fyrir þá meingerð sem ríkið olli þeim með refsidómum sem eru ígildi dómsmorða,“ segir Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður Guðjóns, og bætir við: „Ríkisstjórnin ætlar sér að komast upp með dómsmorðin án nokkurra afleiðinga fyrir ríkið og af fullkomnu ábyrgðarleysi.“

Ragnar vísar til afsökunarbeiðni forsætisráðherra vegna málsins í fyrra, sáttaboðs sem í henni fólst, viðurkenningar á hlutlægum bótarétti í skilabréfi sáttanefndarinnar og nú viðsnúnings ríkisins sem birtist í nýframlagðri greinargerð. Hann segir traðkað á mannréttindum borgaranna með þessu framferði og vísar bæði til stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu um skýran rétt Guðjóns. **– aá / sjá síðu 4**

## Alltaf beðinn um köttinn

**LÍFIÐ** „Ég hef verið að grínast allt mitt líf, ég byrja að vera með fíflagang og kjaftæði og rugl frá því ég var kannski sex ára,“ segir Pétur Jóhann Sigfússon sem ætlar að fara yfir 20 ára feril sinn með sýningu í Hörpu í nóvember.

Hann segir að ekki verði um hefðbundið uppistand að ræða en hann ætlar meðal annars að segja frá því hvernig karakterar hans urðu til. Það gerist nánast daglega að einhver biðji hann um að taka köttinn og mögulega láti hann sjá sig í Hörpu. **– ssþ / sjá síðu 42**



## Netverslun lýðheilsumál

**NEYTENDUR** Arnar Sigurðsson vínkaupmaður fagnar fyrirhuguðu frumvarpi dómsmálaráðherra um að opna innlenda netsölu á áfengi. Að hans mati henti fáar vöru betur til netverslunar en áfengi.

„Netverslun er ekki í andlitinu á neinum nema þeim sem þangað eru komnir til að versla,“ segir Arnar. Með netverslun sé hægt að koma mun meiri upplýsingum til neytandans um uppruna vínsins, þrúgur og dóma. Þá þýði netverslun ekki að ÁTVR verði lokað. **– kh / sjá síðu 6**



**Arnar Sigurðsson.**







## Veður




Suðaustan 8-13 sunnan- og vestanlands í dag, en annars breytileg átt, 3-8. Rigning eða súld í flestum landshlutum, en styttir upp norðaustan til seinnipartinn.

SJÁ SÍÐU 18



Í öllum tilvikum var um að ræða þjófnað frá Olís. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bensínþjófur slapp með sekt

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Suðurlands dæmdi í vikunni ungan mann til að greiða Olíuverzlun Íslands 67 þúsund króna skaðabætur auk dráttarvaxta fyrir að hafa ítrekað stolið bensíni frá fyrirtækinu.

**Maðurinn dældi alls sjö sinnum bensíni á bíl sinn og stakk af án þess að borga.**

Um er að ræða sjö mismunandi brot á fjögurra mánaða tímabili árið 2018. Alls heimsótti þjófurinn fimm bensínstöðvar Olís, dældi eldsneyti á bíl sinn og keyrði í burtu án þess að borga.

Olísstöðvarnar sem um ræðir eru við Álfabakka, Norðlingabraut, Álfheima, Gullinbrú og á Selfossi. Ekki kemur fram í dómnum af hverju ákærði valdi ætíð bensínstöðvar Olís en ekki samkeppnisaðila.

Fyrir dómi kom fram að ákærði hefði í apríl á þessu ári hlotið 30 daga skilorðsbundið fangelsi fyrir margs konar umferðarlagabrot, þjófnað og vörslu á lítilræði af sterum. Var það mat dómara að bensínþjófnaðurinn hefði ekki leitt til þyngri refsingar þegar það mál var tekið fyrir og því þurfti ákærði aðeins að greiða andvirði eldsneytisins og dráttarvexti. Vexti slapp hann við vegna vanreifunar. – **bþ**

## Efast á uppgjörinu

Farðu á frettabladid.is

# Efast á kránni



**Leikarinn og húmanistinn John de Lancie hélt fyrirlestur á Kex hosteli í gærkvöldi á vegum Siðmenntar. Heiti erindis de Lancie var „Efast á kránni“ en hann starfar mikið í nafni húmanisma og trúleysis. Þekktastur er hann þó fyrir hlutverk sitt sem Q í Star Trek-þáttunum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Shooters burt úr Austurstræti

**SAMFÉLAG** Kampavínsklúbburinn Shooters mun hverfa á brott úr húsnæði við Austurstræti 12a í lok þessa mánaðar. Um er að ræða einn alræmdasta skemmtistað landsins en lögregluyfirvöld hafa ítrekað haft afskipti af rekstrinum síðan staðurinn var opnaður fyrir rúmum fimm árum. Um árabil hefur grunur verið um að vændisstarfsemi þrífist þar innandyra.

Síðast í febrúar síðastliðnum gerði lögreglan húsleit á átta stöðum á höfuðborgarsvæðinu vegna slíkrar rannsóknar.

Rekstrarfélag Shooters hefur leigt Austurstræti 12a af Reitum fasteignafélagi hf. Forstjóri fyrirtækisins, Guðjón Auðunsson, staðfesti brotthvarf Shooters í skriflegu svari. Þá sagði hann það ekki samrýmast stefnu Reita um samfélagslega ábyrgð að leigja húsnæði í eigu fyrirtækisins undir hvaða starfsemi sem er. – **bþ**




# Lykilatriði að geta ropað almennilega

**Um 600 manns munu þreyta árlegt bjórhlaup RVK Brewing sem hefur vaxið hratt milli ára. Íslandsmeistari kvenna segist hafa lært af reynslunni. Það hafi komið henni á óvart hversu erfitt er að spretta af stað eftir einn stóran bjór.**

**ÍÞRÓTTIR** Búist er við að 600 keppendur muni taka þátt í alþjóðlegu bjórhlaupi RVK Brewing á laugardaginn sem byrjar og endar í Nauthólsvík. Hlaupið fór fram í fyrsta sinn síðasta vetur og tókst vel til þrátt fyrir slagviðri.

„Í fyrra voru um hundrað keppendur skráðir en síðan setti slæmt veður strik í reikninginn. Við vorum frekar seint á ferðinni, í október, en miðað við áhugann á því hlaupi sáum við að grundvöllur væri fyrir enn stærri viðburði í ár,“ segir Einar Örn Steindórsson, einn eigenda RVK Brewing sem stendur fyrir viðburðinum.

Að hans sögn voru það ekki fastagestir brugghússins sem mættu til leiks heldur fyrst og fremst þaulreyndir hlauparar.

„Það kom okkur talsvert á óvart. Þarna mætti grjóthart keppnisfólk til leiks og við reiknum með því sama í ár. Veðurspáin lítur vel út og því reiknum við líka með bjórelskandi keppendur mæti til leiks og skokki vegalengdina. Þeir virðast vera viðkvæmari fyrir veðri heldur en keppnisfólkið,“ segir Einar Örn kíminn.

RVK Brewing leggur mikið í hlaupið því bruggaður verður sérstakur bjór af tilefninu. „Hann heitir að sjálfsögðu Keppnis og er ferskur lager sem ætti að henta vel til þess að vökva fólk á hlaupum.“

Hlaupið gengur þannig fyrir sig að hlaupnir eru 1,6 kílómetrar og eru þrjár drykkjarstöðvar á leiðinni þar sem boðið er upp á íslenskar veigar. Ljúka verður einum bjór á hverri stöð til þess að mega halda hlaupinu áfram.

Meðal skráðra til leiks í hlaupið er ríkjandi Íslandsmeistari kvenna í bjórhlaupi, Helga Jóna Jónasdóttir. Hún hyggst verja titilinn með kjafti og klóm en ekki síður gera atlögu að sigri í opnum flokki.




**Magnús Már og Einar Örn eru spenntir fyrir hlaupinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Það kom mér á óvart hvað það var erfitt að spretta af stað eftir að hafa drukkið heilan bjór.**

Helga Jóna Jónasdóttir

„Ég er enn fúl yfir því að hafa ekki unnið í fyrra. Ég var fyrst að þriðju og síðustu drykkjarstöðinni en þá rakst ég á vegg og átti erfitt með að koma síðasta drykknum niður,“ segir Helga. Hún missti því tvo keppendur fram úr sér undir lokin og segir það hafa verið sárt.

„Ég er búin að læra af reynslunni. Það kom mér á óvart hvað það var erfitt að spretta af stað eftir að hafa drukkið heilan bjór. Ég held að lykillinn sé að geta ropað almennilega,“ segir Helga og hlær.

**bjornth@frettabladid.is**

NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN

Innovation that excites

Nissan Qashqai – Gerðu kröfur

# NÚ FÆST QASHQAI

## SJÁLFSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN




## NÝR QASHQAI ACENTA
## VERÐ: 5.340.000 KR.

Nú getum við aftur boðið hinn geysivinsæla Nissan Qashqai með sjálfskiptingu og hinu fullkomna Nissan Intelligent fjórhjóladrifi. Nissan Qashqai er einn best útbúni sportjeppinn á markaðnum. Honum fylgir fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti, 7" upplýsingaskjár með samþættingu við snjallsíma, bakkmyndavél, 17" álfelgur og margt fleira.

Gerðu fjölskylduna klára fyrir ævintýri vetrarins í nýjum, fjórhjóladrifnum Nissan Qashqai.

**VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR**

**3,95%**
**KJARAVEXTIR**

- **Fastir vextir**
- **Engin verðtrygging**
- **Ekkert lántökugjald**
- **Lægri mánaðargreiðsla**
- **Miklu lægri kostnaður**

Hagstæð leið til að fjármagna bílakaupin. Kynntu þér **3,95% Kjaravexti** hjá sölumönnum BL eða á www.bl.is

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L




Fjölgun í Strætó er vel umfram fjölgun íbúa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Farþegar sex prósentum fleiri á þessu ári

**SAMGÖNGUMÁL** Farþegum Strætó hefur fjölgað um rúmlega 6 prósent það sem af er ári samkvæmt innstigamælingum. Fyrstu átta mánuði ársins voru þau tæpar 7,8 milljónir sem er rúmlega 440 þúsund fleiri en á sama tíma í fyrra.

Til samanburðar fjölgaði íbúum höfuðborgarsvæðisins um 2,3 prósent og ferðamönnum hefur fækkað um 13 prósent.

Fjölgun innstiga var mest í júlí, um rúmlega 90 þúsund, eða 12 prósent. Apríl var eini mánuðurinn þar sem farþegum fækkaði, um rúmlega 50 þúsund eða 6 prósent frá árinu áður. **– khg**




BHM hefur hafnað krónutöluhækkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## BHM-félög vilja launaviðræður

**KJARAMÁL** Þess er krafist í yfirlýsingu 21 aðildarfélags innan BHM að ríkið, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga hefji tafarlaust raunverulegt samtal um launalið kjarasamninga.

Samningar BHM hafa verið lausir í tæpt hálft ár og lítið gengið í kjaraviðræðum. Gagnrýna félögin það í yfirlýsingunni að viðsemjendur hafi enn ekki fengist til að ræða sanngjarnar launakröfur sínar.

„Við viljum að háskólamenntun skili einstaklingum ávinningi. Það er miður að viðsemjendur hafa til þessa ekki boðið okkur annað en kjararýrnun í formi krónutöluhækkana og skerðingar þegar áunninna réttinda,“ segir í yfirlýsingunni. **– sar**

# Ríkið og Seðlabankinn ganga í takt

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisfjármálin, vinnumarkaðurinn og peningastefnan ganga í takt í fyrsta sinn í langan tíma en þannig er unnt að stuðla að meiri stöðugleika í hagkerfinu.

Þetta kom fram í máli Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra og Gylfa Zoega, nefndarmanns í peningastefnunefnd, á opnum fundi í efnahags- og viðskiptanefnd í gær.

Á fundinum voru Ásgeir og Gylfi spurðir hvort þeir væru sammála því að ríkisfjármálin og vinnumarkaðurinn væru meira í samræmi við peningastefnu Seðlabankans en áður. „Það hefur kannski vantað skilning á því að ríkið beitir sér gegn niðursveiflum en þetta stendur mjög til bóta og er ein aðalástæðan fyrir því að við höfum séð meiri stöðugleika,“ svaraði Ásgeir og Gylfi tók undir.

„Síðustu mánuðir eru það tímabil sem maður getur verið hvað ánægðastur með. Það varð mínikreppa og þá voru viðbrögðin þannig að vinnumarkaðurinn var róaður sem hafði þær afleiðingar að verðbólguvæntingar fóru niður.



Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri

Síðan gat fjármálastefna ríkisins brugðist við meiri slaka sem ýtti undir eftirspurn og við höfum lækkað vexti.

Þannig að við erum að vinna saman í fyrsta sinn í langan tíma,“ sagði Gylfi. „Það er mjög jákvætt og vonandi verður það þannig í framtíðinni að vinnumarkaðurinn, ríkisvaldið og Seðlabankinn gangi í takt.“

Þá kom fram í máli seðlabankastjóra að litið fram á veginn gæti vaxtalækkunarferlið haldið áfram ef verðbólguvæntingar lækka, áfram hægir á verðbólgu og ef hagvaxtarhorfur versna. Óttast hann of mikla bjartsýni miðað við gang mála erlendis. „Ég sjálfur óttast að óvissan sé niður á við, að þetta sé of gott til að vera satt,“ sagði Ásgeir. **– þfh**

# Dómurinn frá 1980 hafi fullt sönnunargildi um málsatvik

**Ríkið telur að byggja eigi á málsatvikum eins og þeim er lýst í sakfellingardómi Hæstaréttar frá 1980 um bótakröfu Guðjóns Skarphéðinssonar. Ný gögn sem aflað hefur verið gangi ekki framar þeim dómi. Fullyrðingum Guðjóns um ólöglegar rannsóknaraðgerðir hafnað sem ósönnuðum með öllu.**

**DÓMSMÁL** Ríkið krefst sýknu af bótakröfu Guðjóns Skarphéðinssonar og telur kröfu hans fyrnda. Í þeim lögum sem giltu á áttunda áratugnum, þegar Geirfinnsmálið var til rannsóknar, var kveðið á um sex mánaða fyrningarfrest bótakrafna í kjölfar sýknudóms. Lögin sem ríkið vísar til eru löngu brottfallin en ríkið telur þau eiga að gilda um kröfur Guðjóns.

Ekki er tekið mið af þeim sáttaviðræðum sem forsætisráðherra boðaði til strax í kjölfar uppkvaðningar dómsins í umfjöllun ríkisins um fyrningarfrestinn. Viðræðurnar stóðu fram á vor og lagði sáttanefnd forsætisráðherra fram tilboð um greiðslu fjárhæðar til Guðjóns 28. mars síðastliðinn en þá voru sex mánuðir liðnir frá uppkvaðningu dómsins 27. september 2018. Fjallað er nánar um starf sáttanefndarinnar á frettabladid.is í dag.

Réttur til bóta var umtalsvert þrengri í þeim brottföllnu lögum sem ríkið telur að byggja eigi á og annars kveðið á um að bætur fyrir gæsluvarðhald mætti aðeins greiða ef sökunautur hefði ekki með vísvitandi og stórvægilega gáleysislegu ólögmætu framferði valdið þeim aðgerðum sem hann reisti kröfu sína á. Er í greinargerðinni vísað til fjölmargra ummæla Guðjóns meðan á rannsókn málsins stóð sem renna eiga stoðum undir ábyrgð Guðjóns sjálfs á aðgerðum rannsakenda.

Að mati ríkisins hefur sakfellingardómur Hæstaréttar frá 1980 fullt sönnunargildi í málinu, um málsatvik sem þar eru rakin ítarlega „þar til það gagnstæða er sannað“. Sýknudómurinn frá 2018 hafi ekki vægi um annað en úrslit sakarefnis en í honum sé ekki fjallað um málsatvik heldur einungis vísað til kröfugerðar ákæruvaldsins.



Kveðinn var upp nýr dómur í Guðmundar- og Geirfinnsmálum í september í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Ragnar Aðalsteinsson, lögmaður.

Að þessu sögðu eru færð rök fyrir því að þau gögn, sem aflað hefur verið á undanförnum árum til að styðja við endurupptöku og að lokum sýknu Guðjóns, geti ekki talist til sönnunargagna í málinu. Vísar ríkið meðal annars til „meints vanhæfis sérfræðiráðgjafa“ og á þar við Gísla Guðjónsson réttarsálfræðing en hann komst að þeirri niðurstöðu í sérfræðiáliti að játningar Guðjóns í málinu væru falskar.

Úrskurður endurupptökunefndar í máli Guðjóns telur 922 blaðsíður og hefur meðal annars að geyma ítarlega útlistun á sönnunargildi og áreiðanleika játninga, aðstæðum í gæsluvarðhaldi og einangrun, lyfjagjöf, rannsóknar- og yfirheyrsluaðferðum, aðgengi að verjanda, greiningu á því hvort sönnunargögn hafi verið rangt metin og hvort verulegir gallar hafi verið á meðferð málsins.

Að mati ríkisins getur úrskurður nefndarinnar ekki gengið framar sakfellingardómi Hæstaréttar frá 1980 sem sönnunargagn um málsatvik, enda hið síðarnefnda dómur.

Ragnar Aðalsteinsson lögmaður segir fullyrðingar ríkisins um sönnunargildi nýrra gagna og gildi sýknudómsins rangar. Hæstiréttur hafi í fyrra fallist á mat endurupptökunefndarinnar en í dómi Hæstaréttar segir: „Hvorki eru sérstakir annmarkar á málsmeðferð endurupptökunefndar né mati hennar á þýðingu nýrra gagna.“

Þá hafnar ríkið málsástæðum Guðjóns um ólögmætar rannsóknaraðferðir rannsakenda málsins og ómannúðlega meðferð sem hann mátti þola en til hennar var meðal annars vísað í afsökunarbeiðni forsætisráðherra í fyrra.

Í greinargerð ríkisins segir um þetta: „Af hálfu stefnda [ríkisins] er öllum ávirðingum gagnvart lögreglu og dómstólum, svo og ásökunum um meinta refsiverða háttsemi lögreglu, ákæruvalds og dómstóla [...] hafnað, enda ósannaðar með öllu.“
**adalheidur@frettabladid.is**

FORD F350
PLATINUM ULTIMATE FX4
NÝR 155069




VERÐ: 9.590.000 KR. ÁN VSK. - 11.891.600 KR. M/VSK.
Akreinavari, bakkmyndavél, Bluetooth, fjarlægðarskynjarar að framan og að aftan, glertopplúga, hiti, kæling og nudd í framsætum, hraðastillir, dráttarbeisli, 20” felgur o.fl.

NÝIR
FORD F350 PLATINUM ULTIMATE FX4
NOKKRIR LITIR Í BOÐI
TÖKUM GAMLA BÍLINN ÞINN UPP Í.

FORD F350
PLATINUM ULTIMATE FX4
NÝR 155215




VERÐ: 9.590.000 KR. ÁN VSK. - 11.891.600 KR. M/VSK.
360° myndavél, bakkmyndavél, blindsvæðisvörn, dráttarbeisli, fjarlægðarskynjarar, glerþak, hiti og nudd í framsætum, hiti í aftursætum, leðuráklæði, lykillaus ræsing, 20” felgur o.fl.

100 bílar bílasala
100 BÍLAR EHF • STEKKJARBAKKA 4 • 109 REYKJAVÍK • S. 517 9999 • WWW.100BILAR.IS
100BILAR@100BILAR.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16




# Fyrsti rafdrifni sportjeppinn. Mesta drægið*.

Nýr 100% rafdrifinn Hyundai KONA er fyrsti rafdrifni sportjeppinn á markaðnum. *Hann hefur meiri drægi en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki eða 449 km samkvæmt nýjum WLTP mælingum. Meðal búnaðar í nýjum Hyundai KONA er skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhemlun, sjónlínuskjár sem varpar upplýsingum um hraða og leiðsögn í framrúðu, Krell hljóðkerfi og margt fleira.

**Hyundai KONA 100% rafbíll, 2WD.**
**Drægi 449 km (WLTP), 204 hestöfl.**

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.

ENNEMM / SÍA / NM95591

# Netverslun með áfengi lýðheilsumál

**Vínkaupmaður fagnar fyrirhuguðu frumvarpi dómsmálaráðherra um að opna á innlenda netsölu á áfengi. Slík verslun sé nútímaleg, í anda lýðheilsu og gefi meiri möguleika til að miðla upplýsingum til kaupandans. Netverslun þýði ekki að ÁTVR verð lokað.**

**NEYTENDUR** Arnar Sigurðsson, sem rekur fyrirtækið Sante sem flytur inn handverksvín frá Frakklandi, fagnar fyrirhuguðu frumvarpi dómsmálaráðherra um að opna fyrir innlenda netverslun með áfengi. Stefnt er að því að frumvarpið verði lagt fram í mars. Er það í samræmi við nýjar Evróputilskipanir um jafnræði neytenda eftir búsetu.

„Fáar vörur henta betur til netverslunar en áfengi,“ segir Arnar og segir jafnframt að þetta hljóti að vera lýðheilsumál, rétt eins og jafnréttismál. Nefnir hann að í Fríhöfninni sé áfengi vel sýnilegt í kringum sælgæti og leikföng. „Netverslun er ekki í andlitinu á neinum nema þeim sem þangað eru komnir til að versla,“ segir hann.

Með netverslun sé hægt að koma mun meiri upplýsingum, um þrúgur, dóma sérfræðinga og fleira, til neytandans en hægt er að gera með límmiða á flösku. Nú þegar eru tvær netverslanir starfræktar, vinbudin.is og dutyfree.is, og telur Arnar engan skaða af því ef fleiri innlendir aðilar mættu opna slíkar síður og Íslendingum standi nú þegar til boða þúsundir erlendra netverslana.

Hann segir netverslun umhverfisvæna, tímasparandi og henta sérstaklega vel fyrir fatlaða og aldraða. „Netverslun er ekki aðeins framtíðarformið heldur nútímans einnig.“

Aðspurður um hvort hið fyrirhugaða frumvarp sé vísbending um frekari frjálsræði á íslenskum áfengismarkaði segir Arnar það ekki endilega vera raunina. Fólk sé almennt íhaldssamt. „Þetta mál minnir mig á umræðuna um Hvalfjarðargöngin á sínum tíma. Rúmlega 60 prósent þjóðarinnar voru á móti Hvalfjarðargöngunum en af þeim sem voru á móti ætluðu 30 prósent að nota þau engu að síður,“ segir hann.

Á sínum tíma stefndi Arnar ríkinu vegna einokunarverslunar með áfengi en hann selur ekki sínar vörur í verslunum ÁTVR. Samkvæmt þeim víninnflytjendum sem Fréttablaðið hefur rætt við getur það reynst erfitt fyrir smærri aðila að koma vörum sínum að hjá ÁTVR. „Það getur engin verslun með hillupláss boðið öllum upp á allt,“ segir Arnar. „Svo er hinu opinbera vorkunn að þurfa að velja vel. Þetta er nánast óendanlegt úrval og það krefst bæði sérfræðiþekkingar og reynslu.“

Arnar segir að opnun á netverslun með áfengi þýði ekki að loka þyrfti ÁTVR og vísar aftur í Hvalfjarðargöngin í því samhengi. „Eftir að göngin voru opnuð gat fólk samt sem áður eytt klukkutíma og bensíni í að keyra fyrir Hvalfjörðinn. Þetta snýst fyrst og fremst um að neytendur hafi valkost,“ segir hann.

kristinnhaukur@frettabladid.is


Arnar Sigurðsson vínkaupmaður í Sante.

## Brennivínið brennur á þingmönnum

Auk fyrirhugaðs frumvarps dómsmálaráðherra um að heimila innlendum aðilum að selja áfengi í gegnum netverslanir liggja tvö önnur frumvörp um áfengismál fyrir á þinginu.

Er það annars vegar frumvarp Bryndísar Haraldsdóttur, Ólafs Þór Gunnarssonar og Willums Þórs Þórssonar um að sveitarfélögin hafi aðkomu að staðarvali við opnun nýrra áfengisverslana. Er nefnt að ÁTVR hafi hingað til haft fullt frelsi til að ákveða staðarval og að ekki hafi ríkt sátt um það. Til dæmis í Garðabæ þar sem ÁTVR lokaði verslun í miðbænum og opnaði aðra í Kauptúni gegn vilja bæjarstjórnar.

Hins vegar er það frumvarp Helga Hrafns Gunnarssonar og fleiri þingmanna Pírata, Viðreisnar og Flokks fólksins um afnám banns við heimabruggun til einkaneyslu. Er þar tíundað að heimabrugg sé rótgróinn hluti af íslenskri menningu og að lítill vilji sé til þess að tekið sé á brotum á þessari löggjöf.


Bryndís Haraldsdóttir.




# Kirkja og ríki hafi hag af aðskilnaði

**ALÞINGI** „Ég tel tímabært að hefja vinnu að því að skilja að fullu og öllu milli ríkis og kirkju. Það er ljóst að kirkjan nýtur mikillar sérstöðu í samskiptum sínum við ríkið og fær stuðning langt umfram önnur trúar- og lífsskoðunarfélög,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar.

Jón Steindór er fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu um fullan aðskilnað ríkis og kirkju og nýja heildarlöggjöf um starfsemi trú- og lífsskoðunarfélaga. Auk alls þingflokks Viðreisnar flytja málið tveir þingmenn frá hverjum flokki, Vinstri grænum, Pírötum og Samfylkingunni.

Tillagan gerir ráð fyrir að frumvörp verði unnin af forsætis-, fjármála- og dómsmálaráðherra og lögð fram eigi síðar en 2021 og kveði þau á um aðskilnað eigi síðar en árið 2034.

„Þannig er gefinn mjög rúmur tími til að hnýta alla hnúta og ráðrúm fyrir kirkjuna að laga sig að breyttum aðstæðum. Ég geri ráð fyrir að kirkjan, ekki síður en ríkið, hefði hag af lagalegum og fjárhagslegum aðskilnaði,“ segir Jón Steindór.

Hann segir jafnframt að ríki og kirkja eigi sér auðvitað langa og samofna sögu. Kirkjan hafi í senn haft trúarlegt, menningarlegt og samfélagslegt hlutverk sem beri að virða og viðurkenna. Það breyti því hins vegar ekki að miklar breytingar hafi orðið á síðustu áratugum á viðhorfi til trúar og hlutverks hennar í samfélaginu.

„Það á ekki síst við um tengslin við ríkisvaldið og jafnræði milli trúfélaga, lífsskoðunarfélaga og þeirra sem kjósa að standa utan slíkra félaga. Þá blasir við að mjög stór og vaxandi hluti landsmanna kýs að standa utan kirkjunnar.“

– sar



Tillagan gerir ráð fyrir fullum aðskilnaði fyrir árið 2034. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ég geri ráð fyrir að kirkjan, ekki síður en ríkið, hefði hag af lagalegum og fjárhagslegum aðskilnaði.**
>
> Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar



# Höfða skaðabótamál gegn Landspítala

**DÓMSMÁL** Hjónin Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Karl Olgeirsson hafa stefnt Landspítalanum til greiðslu miska- og skaðabóta vegna alvarlegra mistaka starfsfólks á fæðingardeild spítalans í byrjun árs 2015. RÚV greindi frá. Nýfæddur sonur hjónanna, Nói Hrafn, varð fyrir heilaskaða í fæðingunni og lést fimm dögum síðar. Málið hefur verið í rannsókn hjá lögreglu í þrjú ár án niðurstöðu og ríkislögmaður hefur engu svarað um greiðslu bóta til foreldranna. Embætti landlæknis hafði úrskurðað að ítrekuð og alvarleg mistök starfsfólks hefðu leitt til andláts Nóa Hrafns. Vanræksla ljósmæðra og sérfræðilæknis var talin hafa haft þessar afleiðingar og gekkst spítalinn við mistökunum. Málið verður þingfest á þriðjudag. – bþ



Landspítalinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Málið hefur verið í rannsókn lögreglu í þrjú ár án niðurstöðu.**

# DRAUMASIGLINGAR

## MEÐ NORWEGIAN CRUISE LINE

FREE AT SEA

**ALLT INNIFALIÐ Í ÖLLUM SIGLINGUM**

EKKI BORGA MEIRA EN ÞÚ ÞARFT

WORLD TRAVEL AWARDS




### JÓL Í KARÍBAHAFINU
**20. des. 2019 - 4. jan. 2020**

Costa Maya í Mexíkó, Harvest Caye Roatán í Hondúras, Cozumel í Mexíkó

**Verð frá kr. 375.000 á mann**

10 sæti laus

### PANAMASKURÐURINN
**11. febrúar - 5. mars 2020**

Great Stirrup Cay, Cartagena Puntarenas, Puerto Quetzal, Puerto Vallarta, Puerto San Lucas, Los Angeles

**Verð frá kr. 545.000 á mann**

### PÁSKAR Í KARÍBAHAFINU
**11. - 24. apríl 2020**

Great Stirrup Cay, Ocho Rios á Jamaíku, Georg Town og Cozumel í Mexíkó

**Verð frá kr. 398.000 á mann**

### ATLANTSHAFIÐ
**20. apríl - 10. maí 2020**

Azoreyjar, Lissabon, Cadiz (Sevilla) Malaga, Mallorka, Barcelona, Cannes Livorno, Civitavecchia, Róm

**Verð frá kr. 440.000 á mann**

8 sæti laus

### GRÍSKA EYJAHAFIÐ
**12. - 26. maí 2020**

Kotor í Svartfjallalandi, Korfu, Santorini Aþena, Ródos, Mykonos í Grikklandi Dubrovnik í Króatíu, Feneyjar

**Verð frá kr. 435.000 á mann**

### MIÐJARÐARHAFIÐ
**28. maí - 8. júní 2020**

Napolí, Civitavecchi, Livorno Flórens, Písa, Cannes, Palma á Mallorka, Barcelona

**Verð frá kr. 380.000 á mann**

10 sæti laus

### ELDRIBORGARAFERÐ
**16. - 25. júní 2020**

Warnemunde í Þýskalandi, Tallin St. Pétursborg í Rússlandi, Helsinki Nynashamn og Kaupmannahöfn

**Verð frá kr. 365.000 á mann**

### FLJÓTASIGLINGAR
**15. - 22. júlí 2020**

Siglt eftir ánni Rohne með glæsiskipinu Rhone Princess og Lyon. Gönguferð í hverri höfn

**Verð frá kr. 305.000 á mann**

### MIÐJARÐARHAFIÐ
**4. - 15. sept. 2020**

Napolí, Cvitavecchi, Livorno Flórens, Písa, Cannes, Palma á Mallorka, Barcelona

**Verð frá kr. 370.000 á mann**

### ÍTALÍA OG EYJAHAFIÐ
**7. - 21. sept. 2020**

Kotor, Svartfj.landi, Dubrovnik Króatíu, Corfu, Santorini, Mykonos, Grikklandi, Napolí, Livorno, Ítalíu

**Verð frá kr. 450.000 á mann**

### KARÍBAHAFIÐ
**19. nóv. - 1. des. 2020**

Puerto Plata í Dóminíska lýðveldinu, St. Thomas, Tortola og Great Stirrup Cay

**Verð frá kr. 330.000 á mann**

### JÓL Í KARÍBAHAFINU
**18. - 30. des. 2020**

Cozumel og Costa Maya í Mexíkó Roatán í Hondúras Harvest Caye

**Verð frá kr. 410.000 á mann**

NCL NORWEGIAN CRUISE LINE®

Besta skipafélagið í Evrópu 11 ár í röð og 6 ár í Karíbahafi

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN

Sími 570 8600
www.norræna.is
Stangarhyl 1, 110 Rvk.




FRÉTTABLAÐIÐ.IS

**1 Bogi Nils segir ummæli Gylfa „ógætileg“** Forstjóri Icelandair segir ógætilegt af nefndarmanni peningastefnunefndar að ýja að því við þingmenn að Icelandair geti lent í slæmri stöðu.

**2 Sagði þinginu að fylgjast með Icelandair** Gylfi Zoega, nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabankans, sagði á fundi að þingmenn þyrftu að fylgjast með stöðu Icelandair.

**3 Ljúfsárt að loka Nonnabita: „Fólk er hálf sjokkerað“** Nonni segir það ljúfsárt að þurfa að loka, hann eigi margar skemmtilegar minningar.

**4 Jógavakning á Íslandi: Ungt fólk andlega þenkjandi** Fólk sem finnur fyrir kulnun og stirðleika er opnara í dag en áður fyrir því að hlúa að sjálfu sér.

**5 Umhverfishetja lætur til sín taka í borginni** Borgarbúar hafa tekið eftir grímuklæddri ofurhetju sem tínir rusl og dyttar að mannvirkjum. Hetjan vill ekki koma upp um eigin persónu.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á **www.frettabladid.is**



**Pedro Sanchez, formaður Sósíalistaflokksins.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Þingkosningar á Spáni í nóvember

**SPÁNN** Spánverjar standa frammi fyrir fjórðu þingkosningunum á jafnmörgum árum eftir að Pedro Sanchez, forsætisráðherra og formaður Sósíalistaflokksins, tókst ekki að koma saman þingmeirihluta fyrir nýja ríkisstjórn. Í júlí komst Sanchez nálægt samkomulagi við vinstri flokkinn Podemos, en dró í síðasta mánuði til baka tilboð um samsteypustjórn með Podemos.

Sanchez veðjar á að honum muni takast að fjölga þeim 123 þingsætum (af 350) sem sósíalistar unnu í apríl. Skoðanakannanir benda til þess að hann hafi rétt fyrir sér og að hinn hægrisinnaði Lýðflokkur muni einnig standa sig vel. Þetta yrði á kostnað nýrri flokka, þar á meðal vinstriflokksins Podemos, mið-hægriflokksins Ciudadanos og Vox sem er flokkur lengst til hægri.

Gangi spár eftir um minni kjörsókn vegna kosningaþreytu er það líklegt til að hafa neikvæð áhrif á vinstriflokkana.

Þrátefli spænskra stjórnmála er þannig líklegt til að halda áfram nema flokksleiðtogarnir læri að miðla betur málum. **– ds**



**Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Mike Pompeo, fundaði í gær með krónprins Sádi-Arabíu, Mohammad bin Salman Al Saud, í Jeddah í Sádi-Arabíu. Ræddu þeir dróna- og eldflaugaárásir á olíuvinnslu Sádi-Araba sem Pompeo sagði vera stríðsaðgerð.** NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

# Segja árásardrónana frá Íran

**Sádar fullyrða að brak dróna og eldflauga sem skotið var á olíuvinnslustöðvar þeirra staðfesti að Íranar séu á bak við árásirnar. Segja vísbendingar um íranskan uppruna. Íranar hafa hafnað öllum ásökunum.**

**SAUDI-ARABÍA** Varnarmálaráðuneyti Sádi-Arabíu fullyrðir að brak drónanna og eldflauganna sem skotið var á tvær olíuvinnslustöðvar í austurhluta landsins á laugardag staðfesti að Íranar hafi verið á bak við árásirnar.

Ráðuneytið segir að meðal þess sem fundist hafi í brakinu sé vængur af dróna, og að á honum hafi fundist vísbendingar um að hann sé íranskur að uppruna. Ráðuneytið segir að 18 drónum og sjö eldflaugum hafi verið skotið úr átt sem útiloki að skotstaðurinn sé í Jemen líkt og Hútar hafi haldið fram.

Hútar, sem stjórna landsvæðum í norðurhluta Jemen og höfuðborginni San'a, hafa lýst yfir ábyrgð á árásunum. Þeir njóta stuðnings Írans, í stríði við bandalagsher undir forystu Sádi-Araba í Jemen. Það stríð hefur staðið í fjögur ár og kostað þúsundir borgara lífið.

Tímaritið Economist segir marga dróna Húta hafa sama útlit og þeir írönsku. Mörgum þeirra hefur verið flogið til Sádi-Arabíu að flugvöllum, herstöðvum og öðrum skotmörkum. Í desember 2017 skutu Hútar jafnvel eldflaugum í átt að kjarnaofni í smíðum í Abú Dabí. Í janúar sögðu fulltrúar Sameinuðu þjóðirnar að Hútar væru komnir með nýja dróna sem hefðu flugdrægi allt að 1.500 kílómetrum. Hútar sögðust einnig í maí síðastliðnum hafa ráðist með slíkum drónum á tvær olíudælustöðvar og olíuleiðslu í Sádi-Arabíu.

> **Um tíma lágu 60 prósent af olíuframleiðslu Sádi-Araba niðri. Þetta er mesta röskun á olíuframboði heimsins í áratugi.**

Stjórnvöld í Íran hafa ítrekað hafnað öllum ásökunum um aðild að árásunum. Forseti Írans, Hassan Rouhani, segir Húta í Jemen á bak við árásirnar og vilji þeir vara við frekari hernaðaraðgerðum Sádi-Araba, með stuðningi Bandaríkjamanna.

Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kom til Sádi-Arabíu í gær til að ræða árásirnar sem hann segir stríðsaðgerð. Hann fundaði um málið með krónprins Sádi-Arabíu, Mohammad bin Salman Al Saud, í borginni Jedda.

Árásirnar hafa dregið verulega úr olíuframleiðslu Sádi-Arabíu sem hefur hefur leitt til hækkunar á olíuverði á mörkuðum. Árásin lamaði mikið af framleiðslu Abqaiq-olíuhreinsistöðvarinnar sem er sú stærsta í heimi og vinnur tvo þriðju allrar olíuframleiðslu Sádi-Araba. Einnig var gerð árás á Khurais-olíulindirnar sem eru 180 kílómetra suðvestur af Abqaiq. Um tíma lágu 60 prósent af olíuframleiðslu Sádi-Araba niðri. Það eru 6 prósent af heimsframleiðslunni. Þetta er mesta röskun á olíuframboði heimsins í áratugi.

**david@frettabladid.is**

# Yfirmenn Fukushima-orkufyrirtækisins sýknaðir

**JAPAN** Dómstóll í Japan hefur sýknað þrjá fyrrverandi yfirmenn orkufyrirtækisins sem rekur Fukushima-kjarnorkuverið af ákæru um vanrækslu þegar kjarnaofnar bræddu úr sér í kjölfar mikilla náttúruhamfara árið 2011.

Slysið varð þegar mikil flóðbylgja skall á kjarnorkuverinu í kjölfar sterks jarðskjálfta, 9,0 að stærð. Geislavirk efni dreifðust yfir nærliggjandi svæði. Um 18.500 manns létust í hamförunum eða er enn saknað. Tugir þúsunda manna sem bjuggu nálægt orkuverið hafa enn ekki snúið til síns heima. Þetta er alvarlegasta slysið af þessum toga frá Tsjernóbílslysinu árið 1986.

Tsunehisa Katsumata, Sakae Muto og Ichiro Takekuro, yfirmenn Tokyo Electric Power, sem eru á sjötugs- og áttræðisaldri voru ákærðir fyrir glæpsamlega vanrækslu sem leiddi til dauða og örkumlunar tuga einstaklinga. Engin dauðsföll höfðu þó verið skráð sem bein afleiðing þess að kjarnaofnar orkuversins bráðnuðu og geislavirk efni láku út.

Dómurinn taldi að þrátt fyrir að yfirmönnunum hefði verið ljóst að bæta þyrfti flóðavarnir hefði það verið innan þeirra viðmiða sem stjórnvöld settu á sínum tíma.

Saksóknarar höfðu krafist fimm ára fangelsisvistar yfir þremenningunum. Þetta er eina sakamálið sem hefur verið höfðað vegna Fukushima-kjarnorkuslyssins.

Þeir 5.700 íbúar Fukushima sem kærðu yfirmennina mótmæltu fyrir utan dómshúsið í Tókýó og sögðu niðurstöðuna óréttláta. Búist er við því að stefnendurnir muni áfrýja dómnum. **– ds**



**Hreinsað eftir slysið í Fukushima-kjarnorkuverinu.** NORDICPHOTOS/GETTY



Karl Gústaf 16. Svíakonungur og Silvía Svíadrottning við vígsluathöfn göngubrúar í Stokkhólmi sem kennd er við Folke Bernadotte greifa af Wisborg , frænda konungsins og guðföður hans. Brúin er í Djurgårdsbrunnsviken og tengir Museum Park og Rosendal-höll. Karl Gústaf er sjöundi sænski konungurinn af Bernadotte-ætt. NORDICPHOTOS/GETTY



Palestínumenn á Gasasvæðinu brenna andlitsmynd af forsætisráðherra Ísraels, Benjamin Netanyahu, í mótmælunum þar sem krafist var að palestínskir fangar yrðu látnir lausir úr fangelsum Ísraela. NORDICPHOTOS/GETTY



Flugsveitin Rússnesku riddararnir, sem er hluti af lofther Rússa, sýndi loftfimleika á Sukhoi Su-30 þotunum, á flugsýningunni Teknofest Istanbul Aerospace í Istanbúl í Tyrklandi í gær. NORDICPHOTOS/GETTY



Indónesískir grunnskólanemendur klæðast grímum til að verjast loftmengun í kennslustofu Palembang-borgar, á Suður-Súmötru í Indónesíu. Skógar- og landeldar á Súmötru og í Kalimantan hafa valdið mikilli loftmengun í Malasíu og Singapore. NORDICPHOTOS/GETTY



Fimmtán hjón í hópgiftingu í Sjanghæ sem fór fram í tilefni 70 ára afmælis stofnunar Alþýðulýðveldisins Kína. NORDICPHOTOS/GETTY



Syngjandi norðurkóreskir námsmenn ganga frá Mount Paektu eldfjalli, nálægt Samjiyon í Norður-Kóreu. Fjallið er talið andlegur fæðingarstaður kóresku þjóðarinnar og er árlegur pílagrímsstaður fyrir tugi þúsunda Norður-Kóreumanna, sem eru þjálfaðir frá fæðingu í virðingu á ríkisleiðtoganum. Á hverju ári fara 100.000 Norður-Kóreumenn í námsferðir til búðanna, fjallsins og byltingarkenndra staða þar sem minjar um byltingaaðgerðir eru varðveittar. Kaki-einkennisbúningarnir eru sagðir líkjast búningum skæruliða fyrri tíma. NORDICPHOTOS/AFP


U
UNGSVEIT SÍ
22. SEPTEMBER 17:00
HARPA / ELDBORG
BEETHOVEN
UNGSVEITIN
LEIKUR NÍUNDU
10 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR UNGSVEITAR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS
Ludwig van Beethoven Sinfónía nr. 9
Ungsveit SÍ
Daniel Raiskin
hljómsveitarstjóri
Einsöngvarar
Bryndís Guðjónsdóttir
Agnes Thorsteins
Alexander Jarl Þorsteinsson
Jóhann Kristinsson
Kórar
Flensborgarkórinn
Kór Flensborgarskóla
Graduale Nobili
Kór Menntaskólans við Hamrahlíð
Kór tónlistardeildar LHÍ
Söngsveitin Fílharmónía
Í tilefni af tíu ára afmæli Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands verður efnt til glæsilegra hátíðartónleika þar sem Níunda sinfónía Beethovens verður flutt af Ungsveit Sinfóníuhljómsveitrar Íslands ásamt úrvalsliði ungra einsöngvara og æskukóra. Það verður mikilfenglegt að sjá og hlýða á yfir 280 ungmenni taka höndum saman um að flytja þetta magnaða verk í Eldborg, ekki síst lokaþáttinn, sjálfan Óðinn til gleðinnar. Verkið markaði tímamót, þetta var síðasta sinfónía meistarans og um leið sú fyrsta í tónlistarsögunni þar sem notast var við söngvara. Áhrif hennar á þróun sinfóníunnar á 19. öld verða seint ofmetin.
Eliza Reid forsetafrú er verndari Ungsveitar SÍ.
TRYGGÐU ÞÉR SÆTI
SINFONIA.IS
Námsmenn yngri en 25 ára og tónlistarnemar geta keypt miða á 1.800 kr. með Skólakorti Sinfóníunnar í miðasölu Hörpu.
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Þarf súrefni



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Hún var ekki endilega mjög björt, myndin sem Ásgeir Jónsson seðlabankastjóri og Gylfi Zoega hagfræðiprófessor drógu upp á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis í gær. Þrátt fyrir gjaldþrot WOW air og loðnubrest gera hagvaxtarspár ráð fyrir aðeins 0,2 prósenta samdrætti í ár og að á næsta ári verði vöxturinn um tvö prósent. Seðlabankastjóri óttast hins vegar að þessi sviðsmynd kunni að reynast of bjartsýn, einkum þar sem blikur séu á lofti í heimshagkerfinu, og að „óvissan sé niður á við, að þetta sé of gott til vera satt“, útskýrði Ásgeir. Þá benti Gylfi á erfiða stöðu ferðaþjónustunnar, sem væri með of mikinn launakostnað, og að hættan væri sú að það yrðu ekki aðeins veikari fyrirtækin sem myndu lenda í hremmingum.

Það voru hins vegar ummæli Gylfa um Icelandair sem vöktu mesta athygli. Þar bað Gylfi, sem mætti á fundinn í krafti setu sinnar í peningastefnunefnd, þingmenn um að fylgjast vel með stöðu Icelandair. „Ef við reiknum fram í tímann, hvenær verður eigið fé þar komið á hættulegt stig?“ spurði Gylfi, og sagði að ekki „mætti veðja þjóðarbúinu á“ að Icelandair fái bætur frá Boeing. „Þetta er eitthvað sem þið verðið að huga að.“ Áhyggjur af fjárhagsstöðu Icelandair eru réttmætar en setja má spurningarmerki við að fulltrúi Seðlabankans setji þær fram með slíkum hætti opinberlega. Erfitt er að sjá hvað stjórnmálamenn geta gert þegar kemur að erfiðleikum í rekstri flugfélagsins. Engin ástæða er til að ætla annað en að stjórnendur Icelandair vinni nú fullum fetum að því að styrkja fjárhag félagsins á óvissutímum.

Þrátt fyrir hremmingar í ferðaþjónustu hefur atvinnuleysið ekki aukist eins mikið og margir óttuðust. Hætt er við að það kunni að breytast. Mörg fyrirtæki hafa frestað hagræðingaraðgerðum en að lokum kemur að skuldadögum sem munu birtast í vaxandi atvinnuleysi. Sögulega séð hefur gengisfall ávallt verið fylgifiskur efnahagssamdráttar, sem hefur þá um leið gefið útflutningsgreinum viðspyrnu, með þeim afleiðingum að verðbólga hefur aukist og vextir hækkað. Nú er öldin önnur. Sterk staða þjóðarbúsins og 800 milljarða gjaldeyrisforði eykur tiltrú á stöðugleika krónunnar og gefur Seðlabankanum færi á að halda verðbólgu við markmið. Það er samt alltaf einhver fórnarkostnaður. Atvinnuleysi gæti þannig orðið meira en við höfum oft áður vanist þegar kreppir að í efnahagslífinu.

Stjórnvöld hafa tæki og tól til að milda hagsveifluna. Seðlabankinn hefur gert sitt, vextir hafa lækkað úr 4,5 prósentum í 3,5 prósent, en meira þarf til. Fjármagn er af skornum skammti og bankakerfið á bremsunni. Frekari vaxtalækkanir einar og sér laga það ekki. Tvennt mætti gera til að bæta þar úr. Ákvörðun um hækkun sveiflujöfnunaraukans ofan á eiginfjárkröfur bankanna, sem tekur gildi í ársbyrjun 2020, var misráðin enda mátti vera ljóst að hagkerfið væri að kólna. Nýr seðlabankastjóri hlýtur að leggja áherslu á að leiðrétta þau mistök. Þá ætti að girða fyrir að Íbúðalánasjóði verði heimilt að ráðstafa umtalsverðu lausafé sínu í innlánum í Seðlabankanum. Það fé þyrfti þá að leita í aðra fjárfestingarkosti sem væri til þess fallið að auka framboð lánsfjármagns. Það er ekki eftir neinu að bíða. Hagkerfið þarf súrefni að halda nema markmiðið sé að kæfa það.

**Áhyggjur af fjárhagsstöðu Icelandair eru réttmætar en setja má spurningarmerki við að fulltrúi Seðlabankans kjósi að setja þær fram með þessum hætti opinberlega.**

Halldór









## Frá degi til dags

**Veggjöldin og fylgið**

Sigurður Ingi situr nú uppi með að vera andlit veggjalda en umræðan harðnar samfara dvínandi vinsældum. Landinn er löngu búinn að gleyma að Jón Gunnarsson átti upptökin að þessu. Meira að segja Viðreisn, sem í grunninn er fylgjandi, pönkast í Sigurði. Þegar tollahliðin verða komin upp má búast við að Framsókn verði komið í pilsner-fylgi en Miðflokkurinn í rauðvíns. Þeir sem munu þurfa að keyra í gegnum hliðin eru að stórum hluta Framsóknarmenn en mörg höfuðvígja flokksins eru í nágrenni höfuðborgarinnar. Samkvæmt könnun vilja aðeins 33 prósent Framsóknarmanna eignast rafbíl, sem er eitt lægsta hlutfall hjá flokkunum. En með veggjöldum er skattheimtunni velt af rafbílanotendum yfir á bensínnotendur.

**Lausnin fundin**

Þingmenn ræddu í gær um loftslagsmál. Eins og oft áður skáru Miðflokksmenn sig úr fjöldanum. Þeir bentu meðal annars á kosti álvera, vöruðu við hræðsluáróðri og efuðust um kolefnisgjald. Sigmundur Davíð sagðist vilja horfa á vísindin en ekki reyna að lifa eins og í sænskri hippakommúnu. Þegar hann var forsætisráðherra spurði hann hvað væri grænna en íslenskur torfbær. Lausnin á loftslagsvandanum virðist fundin.

kristinnhaukur@frettabladid.is sighvatur@frettabladid.is

# Málamiðlun nauðsynleg á grunni löggjafar



Jón Gunnarsson
alþingismaður Sjálfstæðisflokksins

Sú kraftmikla umræða sem átt hefur sér stað á undanförnum vikum og mánuðum um orkumál verður að halda áfram. Umræðan hefur leitt ítrekað fram hversu mikilvægar orkuauðlindir okkar eru þjóðinni. Það kemur ekki á óvart, þar sem sjálfbær nýting þeirra gjörbreytti íslensku samfélagi. Með auðlindanýtingu sem leidd var af Sjálfstæðisflokknum var mögulegt að bjóða landsmönnum raforku á umtalsvert lægra verði en þekkist hjá nágrannaþjóðum okkar.

Nú erum við á tímamótum. Í fyrsta skipti í áratugi boða sérfræðingar og stofnanir á þessu sviði að reikna megi með að skerða þurfi afhendingu á raforku innan fárra ára, verði ekki brugðist við. Það gengur auðvitað ekki í þessu orkuríka landi.

Með nýtingu endurnýjanlegrar raforku hefur okkur tekist að breyta íslensku samfélagi í grundvallaratriðum. Við höfum byggt upp fjölbreyttari tækifæri fyrir ungt fólk og byggðir landsins. Við hljótum öll að vera sammála um að samþjöppun byggðar á suðvesturhorni landsins sé ekki heppileg. Öll viljum við blómlega byggð um allt land. Til að svo megi verða þarf að skapa ný tækifæri sem tækniþróun í hefðbundnum atvinnugreinum gerir mögulegt. Ef Ísland á að bjóða framúrskarandi lífskjör verður að auka tekjur okkar af útflutningi sem treystir stoðir okkar til lengri tíma. Við eigum að leggja áherslu á nýja og græna atvinnustefnu m.a. á grundvelli grænnar orku. Má þar nefna tækifæri í matvælaframleiðslu, eldsneytisframleiðslu og gagnaversiðnaði. Í vikunni nefndi forseti Indlands tækifæri til uppbyggingar gagnavera á Íslandi. Glöggt er gests augað. Við þurfum að skapa ný tækifæri og tryggja lífsgæði um allt land fyrir unga fólkið okkar, annars er hætta á að það leiti á önnur mið.

Það er við þessar aðstæður sem ég gagnrýni umhverfisráðherra og segist ekki geta stutt ríkisstjórn sem fer fram með þá öfgastefnu sem hann boðar. Hér er málamiðlun nauðsynleg, á þeim grunni sem löggjafinn hefur lagt í þessum mikilvæga málaflokki.

**Það er við þessar aðstæður sem ég gagnrýni umhverfisráðherra og segist ekki geta stutt ríkisstjórn sem fer fram með þá öfgastefnu sem hann boðar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FRAMKVÆMDASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðarsdóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Davíð Stefánsson david@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Leikhús lögfræðinnar

## Í DAG



Þorbjörg Sigríður Gunnarsdóttir

**Sá heimur og það merkilega leikhús sem dómstóllinn er getur nefnilega varpað ljósi á lögfræðina og hlutverk hvers og eins inni í dómsalnum.**

Við risum öll úr sætum þegar dómararnir gengu inn. Salurinn var fullskipaður og andrúmsloftið dálítið sérstakt og hátíðlegt. Að hlusta á málflutning í Grand Chamber Mannréttindadómstóls Evrópu er mikil upplifun og ekki alveg óskyld þeirri upplifun að horfa á leiksýningu. Lögfræðin auðvitað í aðalhlutverki en um hana gildir eins og um áhrifamiklar leiksýningar að eftir sitja vangaveltur og pælingar. Og í þessu máli glímdu málflytjendur við miserfið hlutverk en skiluðu allir sínu vel.

**Selahattin Demirtaş gegn Tyrklandi**

Málið sem var á dagskrá þennan dag var mál Selahattin Demirtaş gegn Tyrklandi. Það mál er ekki bara þýðingarmikið fyrir Selahattin Demirtaş og fyrir Tyrkland heldur fyrir Evrópu alla. Selahattin Demirtaş er stjórnmálamaður fæddur árið 1973. Haustið 2015 fékk HDP flokkur hans, People's Democratic Party eða Lýðræðisflokkurinn, 13% fylgi í kosningum til þingsins. Flokkurinn er skilgreindur til vinstri og sem Kúrdaflokkur. Demirtaş var sömuleiðis forsetaframbjóðandi flokksins í kosningum árið 2014 og fékk þá tæp 10% atkvæða. Dómsmálið er til komið vegna þess að 4. nóvember 2016 rúmu ári eftir að Demirtaş var kosinn á þing var hann handtekinn á heimili sínu og færður í gæsluvarðhald. Hann hefur haldið því fram að handtakan og gæsluvarðhaldið sé á grundvelli pólitískra skoðana hans og gjörða. Gæsluvarðhald hans var óhemju langt og stóð í næstum þrjú ár. Tyrknesk stjórnvöld slepptu honum úr gæsluvarðhaldi fyrr í þessum mánuði 16 dögum áður málflutningurinn fór fram í Grand Chamber um gæsluvarðhald hans. Um þetta gæsluvarðhald var sem sagt tekist á núna í vikunni. Var tilefni til þess að handtaka hann? Var tilefni til að úrskurða hann í gæsluvarðhald? Og var lengd gæsluvarðhaldsins réttlætanleg?

**17 skikkjuklæddir dómarar**

Andrúmsloftið í salnum litaðist dálítið af því að töluverð öryggisgæsla var í húsinu og áður en gestum var hleypt inn. Raðað var í sæti salarins sem var fullur löngu áður en 17 skikkjuklæddir dómarar, frá 17 löndum, gengu inn. Og eins og í leikhúsi mátti finna að þangað voru komnir áhorfendur sem þekktu vel þá sögu sem þarna yrði sögð og höfðu á henni sterka skoðun. Áður en forseti réttarins hóf að ávarpa lögmenn voru gestir beðnir um að slökkva á símum. Málflutningsræða fyrir dómi er dálítið sérstök stund því hún er lokahnykkurinn á vinnu lögmanns við málið og þjónar auðvitað þeim tilgangi að sannfæra dóminn og eyða þeim efasemdum sem geta verið uppi. Í þessu máli opnaði lögmaður Selahattin Demirtaş sem ávarpaði fyrst forseta réttarins og svo dóminn í heild sinni áður en málflutningur hennar hófst. Hún rammaði sterkt inn um hvað málið snerist og hvað það væri sem dómurinn ætti að horfa til. Hún talaði til dómsins í stað þess að lesa ræðuna og leyfði sér að flytja málið hægt og rólega og um leið af þunga. Hún kunni sömuleiðis þá list að beita þögn eftir að hafa sett fram lykilpunktana. Mjög sterkur og sannfærandi málflytjandi fannst gestum salarins. Kjarninn málsins samkvæmt lögmanninum var sá að það mætti sjá að glæpur Selahattin Demirtaş væri í reynd ekki annað en pólitískar ræður hans og pólitískar samkomur. Aðgerðir ákæruvalds og dómstóla væru mengaðar af pólitík. Vörn lögmanna Tyrklands byggði á því að það væru engin tengsl á milli sakamálarannsókna á hendur Selahattin Demirtaş og kosninga í Tyrklandi. Þunginn í vörninni byggði hins vegar á því að Selahattin Demirtaş hefði ekki látið fullreyna á málið í Tyrklandi, sem er skilyrði þess að dómstóllinn geti tekið málið til dóms. Þriðji aðilinn til að tala til réttarins hafði fengið sérstakt leyfi réttarins til að tengjast málinu sem aðili. Það var fulltrúi Human Rights Commissioner sem fjallaði um að mikilvægi málsins væri hvernig tyrknesk stjórnvöld beittu gæsluvarðhaldi almennt, en ekki eingöngu gagnvart þessum manni. Það mætti ekki líta framhjá því að gæsluvarðhaldi væri beitt til að þagga niður í ákveðnum röddum og að það væri gert kerfisbundið. Spurningar dómara eftir ræðurnar gáfu ákveðna innsýn í það hvaða þætti málsins þeir voru með hugann við. Sá breski vildi vita hvernig Tyrkir skilgreina hryðjuverkasamtök sem gat bent til þess að sú skilgreining væri að minnsta kosti ekki alveg augljós. Og auðvitað var það þannig að franski dómarinn var sá eini sem ekki spurði spurninga á ensku heldur frönsku þannig að 300 gestir í dómsal settu á sig heyrnartól á meðan túlkur túlkaði hans spurningu.

**Opið leikhús**

Sennilega er engin hlið lögfræðinnar sýnilegri í fjölmiðlum en dómsmálin. Á sama tíma er það staðreynd að dómsmál eru almenningi fremur hulinn heimur. Sum mál þurfa auk þess að vera lokuð almenningi af tilliti til hagsmuna málsaðila. Það er síðan oft ekki annað en lokaniðurstaðan, sjálfur dómurinn, sem verður umfjöllunarefni fjölmiðla. Umræða og umfjöllun um það sem fram fer í dómsalnum og um hvaða sögu er þar sögð í hverju máli fyrir sig hefur líka þýðingu og gæti opnað betur þann heim sem birtist í dómsalnum. Sá heimur og það merkilega leikhús sem dómstóllinn er getur nefnilega varpað ljósi á lögfræðina og hlutverk hvers og eins inni í dómsalnum. Að þessu leyti er góður málflutningur eins og gott leikhús. Stundum heyrast lögmenn halda því fram að munnlegur málflutningur ráði kannski ekki úrslitum því dómurinn sé búinn að móta afstöðu sína eftir að hafa kynnt sér gögn málsins. Sú nálgun er eins og að segja að leikverk hafi ekki áhrif þegar lesandinn hefur nú þegar lesið verkið sem sýningin byggir á. Leikhúsið hefur áhrif og á að hafa áhrif.

# Að fagna Everestförum hugans



Ágúst Kristján Steinarrsson
rithöfundur og stjórnunarráðgjafi

Everestfarinn og maraþonhlauparinn eiga það sameiginlegt að hafa yfirstigið ótrúlegar áskoranir, jafnvel ómannlegar, og upplifað algjöra líkamlega uppgjöf. Það sem þessir aðilar eiga jafnframt sameiginlegt er að þeim er gjarnan hampað fyrir erfiðið, fyrir að hafa mætt áskorunum sínum og náð markmiðum. Þeir komast gjarnan í blöðin og eru sýndir sem fyrirmynd okkar tíma, sem þeir vissulega eru. Sömu sögu má oft segja af krabbameinssjúklingunum sem þó völdu ekki að fara í gegnum sína raun.

Svo er til annar hópur fólks sem fer í gegnum álíka raunir sem fáir taka eftir eða er sjaldan talað um. Áskoranir þeirra eru jafnvel lengri og erfiðari. Flestum tekst þeim að komast í gegnum þessa eldskírn en að henni lokinni er sjaldnast mikið um fögnuð, þrátt fyrir þó nokkurt afrek.

Hópurinn sem um ræðir eru einstaklingar eins og ég. Fólk sem hefur glímt við geðræna kvilla eins og geðhvörf, geðklofa, þunglyndi, örlyndi, kvíða, áráttu og fleira sem leggst þungt á huga fólks. Þannig hefur þessi hópur þurft að fást við eigin huga með misgóðum stuðningi heilbrigðiskerfisins á hátt sem ómögulegt er að skilja, hafi maður ekki upplifað áskorunina sjálfur.

Sjálfur hef ég upplifað slíkt ferli nokkrum sinnum í mínu lífi, þar sem baráttan við geðheilbrigðiskerfið var á tíðum jafn erfið og baráttan við sjálfan mig. Þar sem ég reyndi að skilja hvar mörk raunveruleikans lágu samhliða því sem viðkvæmni mín fyrir umheiminum gerði hvern dag erfiðari, dag fyrir dag, á þann hátt að ég vildi oft gefast upp. Þegar því öllu lauk leið mér eins og hugur minn hefði hlaupið hringinn í kringum heiminn. Ég var gjörsamlega sigraður. En ég lauk áskoruninni, ég kleif Everest huga míns. En því var ekki fagnað. Að segja við mig „vel gert, Ágúst“ var ekki ofarlega í huga minna nánustu og enn síður í mínum brotna huga. Það sem sat eftir í huga mér var andstæðan. Að ég hefði alls ekki staðið mig vel. Að ég væri í reynd geðsjúklingur og þar með misheppnaður þegn þessa samfélags. Við tók krefjandi bataferli þar sem brotið sjálfstraust og beygður hugur þurftu mikla uppbyggingu.

Það að ég sé fjallamaður og hafi glímt við krabbamein sjálfur setur þennan samanburð minn jafnvel í betra samhengi, þar sem fjallasigrum mínum og lífssigri var ætíð fagnað og bataferlið uppbyggjandi.

**Ef þú þekkir einhverja sem hafa upplifað geðræna kvilla, að gefa þeim gaum, heyra og skilja þeirra reynslu og hrósa þeim fyrir þeirra mikla afrek.**

En nú er sýn mín önnur. Það sem ég átta mig á í dag er að ég kleif mitt Everest og mér tókst það oftar en einu sinni. Því fagna ég í dag og leyfi mér að líta stoltur um öxl að vera hér, að vera til, virkur samfélagsþegn sem býr að þessari reynslu, sjálfum mér og öðrum til gagns.

Nú er að hefjast Klikkuð menningarhátíð þar sem Íslendingar fagna einmitt þessu. Fagna klikkaða fólkinu sem er hér, er til, hefur klifið sitt fjall og lifir til þess að segja okkar sögu. Ég hvet þig, lesandi góður, til að nýta tækifæri þessarar hátíðar til að breyta um sið. Ef þú þekkir einhverja sem hafa upplifað geðræna kvilla, að gefa þeim gaum, heyra og skilja þeirra reynslu og hrósa þeim fyrir þeirra mikla afrek.

Þú myndir aldrei trúa því hversu mikið þau hafa lagt á sig til þess að vera nákvæmlega hér.

# Ráð á ráð ofan



Kolbrún Baldursdóttir
borgarfulltrúi Flokks fólksins

**Nú stendur til að nýtt byggðasamlag verði stofnað í kringum Borgarlínu og því er eðlilegt að borgarbúar spyrji sig hvort Reykjavík muni þar einnig bera skarðan hlut frá borði.**

Byggðasamlög eru fjarlæg almennum borgurum. Þau eru stofnun sem setur sér eigin starfsreglur og eigin stefnu. Þar fer ekki saman fjárhagsleg ábyrgð og ákvarðanataka. Í núverandi kerfi munu byggðasamlögum fjölga frekar en fækka. Ef þörf er á fjölda byggðasamlaga er ástæða til að huga að sameiningu þeirra sveitarfélaga sem þau mynda.

Reykjavík getur ekki í byggðasamlögum tekið ákvarðanir um mikilvæg atriði án þess að njóta stuðnings a.m.k. tveggja annarra sveitarfélaga og það þótt Reykjavík beri langmestu fjárhagslegu ábyrgðina. Nýverið barst Reykjavíkurborg þungur bakreikningur vegna mistaka í fjárhagsáætlanagerð byggðasamlagsins Sorpu. Ef fjárhagsleg ábyrgð Reykjavíkur á rekstri byggðasamlaga á að vera meiri en ábyrgð annarra sveitarfélaga á Reykjavík jafnframt að hafa stjórnunarheimildir í samræmi við þá ábyrgð.

Við stjórnsýsluúttekt árið 2011 á byggðasamlögum borgarinnar, Strætó, Sorpu og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, kom í ljós tengslaleysi milli eigenda byggðasamlaganna og stjórna þeirra. Stjórnir félaganna fóru stundum út fyrir verksvið sitt og tóku veigamiklar ákvarðanir sem féllu ekki að væntingum eigendanna. Reykjavíkurborg hefur jafnvel gert málamiðlanir á kostnað eigin hagsmuna.

Stjórn Sorpu er skipuð einum stjórnarmanni frá hverju sveitarfélagi höfuðborgarsvæðisins. Samþykki ¾ hluta atkvæðavægis eða a.m.k. þriggja sveitarfélaga þarf fyrir ákvörðunum um gjaldskrár, fjárfestingar, ólögbundin útgjöld og meiri háttar skuldbindingar. Reykjavík getur því ekki í krafti atkvæða sinna tekið ákvarðanir um framangreinda hluti. Hjá Strætó þarf atkvæði þriggja aðildarsveitarfélaga til að taka ákvarðanir um meiriháttar fjárfestingar, stofnun dótturfélaga, breytingar á gjaldskrá eða breytingar á þjónustustigi og upptöku nýs leiðakerfis, að hluta eða í heild.

Nú stendur til að nýtt byggðasamlag verði stofnað í kringum Borgarlínu og því er eðlilegt að borgarbúar spyrji sig hvort Reykjavík muni þar einnig bera skarðan hlut frá borði. Flokkur fólksins lagði fram tillögu um að borgarstjórn samþykki að aðild Reykjavíkur að byggðasamlögum verði skoðuð með tilliti til þess að auka lýðræðislega aðkomu Reykvíkinga að þeim. Hún var ekki samþykkt.




Vinsælar vörur
á frábæru verði

Benecta hylki 240 stk ........ 17.995 kr.
Benecta hylki 60 stk ........ 4.989 kr.
Compeed Hælsærisplástur 5stk ........ 920 kr.*
Nicorette Classic tyggigúmmí 2 mg 210 stk ........ 4.789 kr.
Nicorette Fruitmint tyggigúmmí 2 mg 210 stk ........ 4.245 kr.
Nicotinell Fruit tyggigúmmí 2 mg 204 stk ........ 3.989 kr.
NutriLenk Gull 180stk ........ 4.238 kr.*
Omeprazol Medical Valley 20 mg 28 stk ........ 1.099 kr.
Otrivin Menthol nefúði 1 mg/sk ........ 989 kr.
Penzim gel 50 gr ........ 3.099 kr.
Treo freyðitöflur 60 stk ........ 1.890 kr.
Zonnic Mint skammtapokar 4 mg 20 stk ........ 1.099 kr.
*20% afsláttarverð út september
LYFJAVER

Tilboð gilda út 22. september



Sinnepskál



Kóríander

Hveratún



Grænsprettur eru fyrstu lauf og stilkar grænmetisplantna og stútfullar af næringarefnum. En þær eru ekki bara hollar heldur líka fallegar og bragðgóðar. Toppaðu súrdeigsbrauðið, hamborgarann, skelltu í salatið eða skreyttu matardiskinn eins og meistarakokkur



Rauðkál



Radísur

**Íslenskar grænsprettur (microgreens) frá Hveratúni**

**599** kr/pk
verð áður 699 kr/pk

FERSKT MEÐ FLUGI



**Jarðarber 500 g**
**sæt og safarík**

**599** kr/pk

ávöxtur mánaðarins



**Ferskur ananas**

**229** kr/kg
verð áður 299 kr/kg

FERSKT MEÐ FLUGI



**Bláber 500 g**
**stútfull af andoxunarefnum**

**999** kr/pk



NÝTT BRAGÐ!
**Amino Energy Electrolytes**
**með jarðarberjabragði**

**299** kr/stk

25% afsláttur



**Nutrilenk gegn liðverkjum,**
**stirðleika eða braki í liðum**



**Popcorners snakk**
**aldrei steikt, glúten frítt**

**289** kr/pk

# KJÚKLINGAVEISLA



**Allt að 35% afsláttur**

**30%**

**Heill ferskur kjúklingur**

**650 kr/kg**

Verð áður 929 kr/kg

Holta KJÚKLINGUR

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20% | Kjúklingalundir | 1.999 kr/kg | Verð áður 2.499 |
| 35% | Blandaðir kjúklingabitar | 649 kr/kg | Verð áður 999 |
| 35% | Kjúklingaleggir | 649 kr/kg | Verð áður 999 |
| 20% | Kjúklingabringur 100% | 1.999 kr/kg | Verð áður 2.499 |
| 30% | Kjúklingalæri | 874 kr/kg | Verð áður 1.249 |
| 30% | Kjúklingavængir | 335 kr/kg | Verð áður 479 |
| 25% | Kjúklingalæri með legg | 824 kr/kg | Verð áður 1.099 |
| 20% | Úrbeinuð kjúklingalæri | 1.999 kr/kg | Verð áður 2.499 |

**HAGKAUP**

*Meira* svona *alla daga*

# Okkar markmið er að fá íslenska afrekskylfinga til að stefna hærra

**Afreksstjóri Golfsambands Íslands, Englendingurinn Gregor Brodie, segir það jákvætt að tíu íslenskir kylfingar hafi skráð sig í úrtökumót fyrir Evrópumótaröðina í golfi í karlaflokki. Brodie tók við starfi afreksstjóra fyrr á þessu ári og er hægt og bítandi að vinna í að breyta viðhorfi íslenskra kylfinga með það að langtímamarkmiði að efla sigurhugarfar þeirra.**


Afreksstjórinn Gregor Brodie, hér lengst til hægri, ásamt sveit Íslands sem tók þátt í Evrópumóti áhugakylfinga á Ítalíu í sumar. GSÍMYNDIR.NET/SETH

**GOLF** Englendingurinn Gregor Brodie sem tók síðasta vetur við starfi afreksstjóra Golfsambands Íslands af Jussi Pitkanen tekur því fagnandi að tíu kylfingar hafi skráð sig til leiks í úrtökumótið fyrir Evrópumótaröðina, næststerkustu mótaröð Evrópu. Rúnar Arnórsson, Andri Þór Björnsson og Bjarki Pétursson hafa þegar tryggt sér þátttökurétt á öðru stigi. Haraldur Franklín Magnús stendur vel að vígi eftir tvo hringi á fyrsta stiginu, Dagbjartur Sigbrandsson á enn möguleika á að komast áfram fyrir lokahringinn í dag og Ólafur Björn Loftsson tekur þátt í fyrsta stiginu í byrjun október. Aron Bergsson, Aron Snær Júlíusson, Axel Bóasson og Ragnar Már Garðarsson hafa allir lokið leik í úrtökumótinu.

„Auðvitað er jákvætt að sjá íslenska kylfinga í fremstu röð, Ísland hefur aldrei átt jafn marga kylfinga á öðru stigi úrtökumótsins fyrir Evrópumótaröðina og það gætu enn bæst við nöfn. Það eru spennandi tímar fram undan næstu vikurnar,“ segir Brodie, aðspurður út í kylfingana tíu.

„Það eru margir ungir og spennandi kylfingar, bæði strákar og stelpur, á Íslandi sem gætu tekið næsta skref. Það er okkar að vinna með þeim og fá þau til að hugsa lengra, stefna hærra. Ísland mun eiga leikmenn á sterkum mótaröðum en við viljum eignast kylfing sem vinnur mót á stærsta sviðinu,“ segir Greg enn fremur.

Hann fer fögrum orðum um Birgi Leif, einn besta kylfing Íslandssögunnar, en segir að íslenskir kylfingar geti náð lengra.

„Birgir Leifur er goðsögn í íslensku golfi og hefur náð ótrúlegum árangri en markmiðið á að vera að komast lengra.“

Ólafur Björn er aðstoðarþjálfari Brodies og verður því sérstakt fyrir Englendinginn að fylgjast með honum í úrtökumótinu.

„Ég sendi honum skilaboð og sagði að ég héldi 99 prósent með honum en hitt 1 prósentið vildi ekki missa hann,“ segir Brodie hlæjandi og heldur áfram:

„Þetta er frábært tækifæri fyrir Ólaf sem hefur reynst mér ómetanlegur þennan stutta tíma sem við höfum unnið saman. Það yrði frábært fyrir hann að ná inn á mótaröðina en vont fyrir mig.“

Sex mánuðir eru liðnir síðan Englendingurinn tók við starfinu og hefur hann fylgst vandlega með efnilegustu kylfingum landsins í sumar.

„Fyrstu mánuðirnir hafa gengið vel, við byrjuðum á að reyna að bæta hugarfarið hjá íslenskum kylfingum og töluðum um hvað þarf til að komast lengra. Hvernig kylfingar þurfi að haga sér varðandi æfingar, næringu og slíkt. Við hittumst snemma og reyndum að vinna í því að taka framförum,“ segir Brodie og heldur áfram:

> **Það eru hæfileikaríkir kylfingar á Íslandi sem trúa því varla hversu langt hægt er að komast.**
>
> Gregor Brodie, afreksstjóri GSÍ

„Það er mikil undirbúningsvinna að baki við að fylgjast með efnilegustu kylfingum landsins og núna hefst vinnan við að hjálpa þeim að taka framförum. Við höfum verið að fá frábæra þjálfara að utan til að hjálpa okkur. Svo eigum við von á einum af bestu áhugakylfingum heims sem ætlar að ræða við kylfinga um hvaða möguleikar eru fyrir hendi og þjálfara sem fékk á dögunum verðlaun frá PGA sem þjálfari ársins.“

Á stuttum tíma hefur Gregor hrifist af Íslandi.

„Við fyrstu sýn eru margir frábærir kylfingar á Íslandi og áhuginn á golfi er mikill. Það eru margir hæfileikaríkir kylfingar en það skortir oft trúna á hversu langt er hægt að komast. Það þarf að taka skref áfram, ekki bara kylfingarnir heldur líka frábæru þjálfararnir sem eru á Íslandi.“

Fyrsta verkefni hans var að fara á EM áhugakylfinga í sumar þar sem karlalandsliðið lenti í 11. sæti, kvennalandsliðið í 19. sæti, piltalandsliðið í 16. sæti og stúlknalandsliðið í 18. sæti.

„Við lögðum áherslu á betri undirbúning fyrir mótið, markmiðið var sett hærra en oft mátti litlu muna. Stundum skorti trú, ég spurði hver markmiðin væru og fékk eitt svar um að vera ekki neðstur. Það er ekki jákvætt hugarfar og þarf að bæta úr.“ **kristinnpall@frettabladid.is**




# Rakel gæti orðið tíunda með 100 leiki

**FÓTBOLTI** Jón Þór Hauksson tilkynnti í gær hvaða 23 leikmenn hefðu orðið fyrir valinu fyrir næstu leiki íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu. Hópinn í heild sinni ásamt viðtali við Jón Þór má sjá á vef Fréttablaðsins. Jón Þór gerir tvær breytingar á milli leikja frá fyrstu leikjum Íslands í undankeppni EM 2021, Rakel Hönnudóttir, leikmaður Reading, og Sandra María Jessen, leikmaður Bayer Leverkusen, koma inn á ný í stað Áslaugar Mundu Gunnlaugsdóttur og Karólínu Leu Vilhjálmsdóttur úr Breiðabliki. Áslaug og Karólína komu ekkert við sögu í síðustu leikjum Íslands og var því ákveðið að þær myndu leika með U19 í þessu landsleikjahléi.


Rakel leiðir hér unga stúlku inn á Laugardalsvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Með því fær Rakel Hönnudóttir tækifæri á að verða tíunda konan sem nær 100 landsleikjum fyrir Íslands hönd. Þá yrði Rakel fimmti leikmaðurinn í núverandi hóp á eftir Söru Björk Gunnarsdóttur (127), Margréti Láru Viðarsdóttur (122), Hallberu Gísladóttur (107) og Fanndísi Friðriksdóttur (104) í hundrað leikja klúbbinn.

Rakel steig fyrstu skref sín með landsliðinu árið 2008 og lék alla leiki Íslands þegar Stelpurnar okkar komust í fyrsta sinn í lokakeppni stórmóts á EM í Finnlandi árið 2009. Rakel hefur verið í hópnum í öll þrjú skiptin sem Ísland hefur komist í lokakeppni Evrópumótsins.

Í leikjunum 99 til þessa hefur Rakel skorað níu mörk og er hún í 13. sæti yfir flest mörk fyrir kvennalandsliðið ásamt Gunnhildi Yrsu Jónsdóttur. **– kpt**

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 20. SEPTEMBER 2019



# Deep Jimi and the Zep Creams snýr aftur

Hljómsveitin Deep Jimi and the Zep Creams er komin aftur á skrið eftir langa pásu. Hún hefur gefið út nýtt lag og spilar á tvennum tónleikum í október. Uppselt er á þá fyrri en það eru til miðar á þá seinni. →2

Rokkarinn og sauðfjárbóndinn Sigurður Eyberg er spenntur fyrir að spila aftur á tónleikum með Deep Jimi and the Zep Creams. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Framhald af forsíðu ➪

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Hljómsveitin Deep Jimi and the Zep Creams er nú komin saman aftur og byrjuð að gefa út efni og spila á tónleikum. Hljómsveitin hefur starfað með hléum frá því snemma á 10. áratugnum og komst langleiðina með að ná frama í Bandaríkjunum á sínum tíma, en síðan fóru meðlimir hennar hver í sína áttina. Á um tíu ára fresti hefur sveitin þó vaknað til lífsins og nú er önnur slík vakning yfirstandandi, þannig að þeir sem vilja sjá sveitina á tónleikum fá nú tækifæri sem býðst kannski ekki aftur.

Sigurður Eyberg, söngvari sveitarinnar, segir að nafn sveitarinnar gefi góða hugmynd um rætur hennar, en hún byrjaði sem ábreiðusveit sem spilaði klassískt rokk. „En í dag fáum við innblástur alls staðar að,“ segir Sigurður. „Við fílum bara rokk, okkur finnst ekki nóg af því og okkur finnst gaman að spila það saman.“

## Byrjaði sem hálfgert grín

„Við byrjuðum snemma á 10. áratugnum og vorum komnir langleiðina með að meika það. Þetta var svolítið flott hjá okkur og við fórum skemmtilega leið að þessu,“ segir Sigurður. „Við vorum náttúrulega miklir töffarar á þessum aldri, en líka miklir kjánar, bara eins og maður á að vera tvítugur, hrokafullur en líka dálítill vitleysingur.

Fyrst vorum við bara að grínast með þetta nafn og við vorum að leika okkur að spila lög þessara klassísku rokksveita okkur til gamans og áttum ekki von á að neinn hefði áhuga á að hlusta á okkur,“ segir Sigurður. „Við héldum að við yrðum ekki vinsælir. Við höfðum bara gaman af þessu og klæddumst búningum á sviði og svona. En svo varð vinsælt að fá okkur til að spila og við tókum inn smá tekjur fyrir það og lögðum þær allar samviskusamlega fyrir. Allur peningurinn sem við fengum fyrir að spila var ætlaður til að fara til Ameríku og fá plötusamning þar.

Við spiluðum svo ábreiður á tónleikum á meðan við sömdum okkar eigin lög,“ segir Sigurður. „En við vorum vissir um að það væri lítill markaður fyrir þau, svo við spiluðum þau lítið.“

## Meikuðu það næstum því

„Svo fórum við út, fundum okkur litla íbúð til að búa í og vorum svo bara að skrimta þarna úti á meðan peningurinn entist. Það fyrsta sem við gerðum var að fara að kaupa tæki til að geta fjölfaldað þriggja laga kasettuna sem við höfðum, því staðirnir vildu alltaf fá eintak,“ segir Sigurður. „Við fórum svo með kasettur hingað og þangað til að reyna að fá að spila.“

Strákarnir voru á aldrinum 19-20 ára um þetta leyti og Sigurður grínast með að þeir hafi líklega verið vígalegir ungir menn, því enginn hafi þorað öðru en að leyfa þeim að spila. „Við vorum síðhærðir og skeggjaðir og alltaf fjórir saman. Á þessum tíma hafði enginn verið með skegg í 20 ár,“ segir hann.

Sveitin byrjaði því að spila í New York og fljótlega dró til tíðinda.

„Eftir fyrsta giggið kom gæi upp að okkur og sagði okkur að hann væri umboðsmaður og hann vildi hjálpa okkar að ná lengra,“ segir Sigurður. „Það endar svo með því að við löndum flottum samningi við eina af stóru útgáfunum þarna úti. Við tókum svo upp eina breiðskífu og tvær smáskífu hjá þeim.

Svo þegar við ætluðum að fara að túra stóð eitthvað á peningunum frá útgáfufyrirtækinu, sem ég held að hafi verið vegna þess að það voru einhverjar hræringar innan fyrirtækisins,“ segir Sigurður. „Við sögðum bara „fokk it“, þó að við ættum aðra plötu bókaða á samningnum okkar og hefðum hugsanlega getað gert fimm í viðbót. Þannig að við sögðum upp samningnum. Við héldum aðeins áfram eftir þetta en vorum orðnir frekar þreyttir á keyrslunni svo þetta lognaðist út af. Síðan komum við saman og búum til eina og eina plötu á nokkurra ára fresti.“

## Sluppu með skrekkinn í Suður-Karólínu

Sigurður minnist þess að hafa spilað á ýmsum skrautlegum tónleikum á ferli sveitarinnar, en segir að einir standi sérstaklega upp úr. „Það var þegar við keyrðum langa leið til að spila á tónleikum í Suður-Karólínu,“ segir hann. „Við þurftum að bíða eftir að fá að spila og einhverjir meðlimir sveitarinnar voru orðnir svolítið ölvaðir. Þegar við komum á svið datt einhver á magnara og það mátti litlu muna að öll magnarastæðan hefði dottið út um gluggann, en sem betur fer stoppaði rótarinn stæðuna og bjargaði þessu. Það var frekar skrautlegt.

Svo þegar við vorum á leiðinni heim vorum við stoppaðir af löggunni,“ segir Sigurður. „Rótarinn var þá með einhver ólögleg efni á sér sem hann henti út um gluggann á ferð og einn ónefndur meðlimur sveitarinnar, sem hafði teygað aðeins of mikið af einhverjum mjöð, lá á þessum tímapunkti ofan á græjunum aftur í sendibílnum sem við vorum á, sem var að sjálfsögðu kolólöglegt og þetta var frekar uppskrúfað fylki.

Lögreglan fer að spyrja okkur hvað við séum með aftur í og við segjum honum að við séum með hljómsveitargræjur og hvaða ferðalagi við erum á. Hann fer þá að skoða aftur í og við og rótarinn erum vissir um að við förum allir í „djeilið“,“ segir Sigurður. „En af einhverjum undarlegum ástæðum sá hann ekki meðliminn sem svaf ofan á græjunum, þannig að við sluppum með skrekkinn og fórum heim. Við höfðum haft mikið fyrir þessu giggi, en þetta fór ekki alveg eins og við höfðum vonað.“



Sigurður hefur ekki setið auðum höndum án rokksins. Hann er í doktorsnámi í umhverfisfræði við Háskóla Íslands, vinnur verkefni fyrir skólann og er með 230 kindur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Sigurður á sviði með Deep Jimi and the Zep Creams. MYND/ÓLAFUR KR. ÓLAFSSON



Sveitin spilar á tvennum tónleikum í næsta mánuði, í Reykjanesbæ og í Reykjavík. MYND/ÓLAFUR KR. ÓLAFSSON



Deep Jimi and the Zep Creams byrjaði sem ábreiðusveit en svo færðist alvara í leikinn. MYND/ÓLAFUR KR. ÓLAFSSON



Öll plötuumslög sveitarinnar eru vönduð og skrautleg.

> Við héldum að við yrðum ekki vinsælir, höfðum bara gaman af þessu og klæddumst búningum á sviði. Síðan varð vinsælt að fá okkur til að spila og við fengum smá tekjur og lögðum þær allar samviskusamlega fyrir.

## Tvennir tónleikar í október

„Nokkrum árum síðar ætluðum við að reyna að fá annan plötusamning og þá vorum við farnir að gera mjög súra tónlist,“ segir Sigurður. „Ég veit ekki alveg hvað þetta ætti að kallast, en líklega hefur þetta verið einhvers konar prog rokk. Þetta voru eins konar línuleg lög, það var mjög lítið um endurtekningar í þeim. Við gáfum þau út á plötu sem kom út árið 1995 og svo höfum við gefið út tvær plötur síðan, sú síðasta kom út árið 2010.

Núna erum við svo byrjaðir aftur, sem hefur verið mjög gaman, og við höfum gefið út nýtt lag og það verða haldnir tvennir tónleikar, annars vegar í Reykjanesbæ 10. október og hins vegar á Hard Rock í Reykjavík 12. október. Það er þegar uppselt á tónleikana í Reykjanesbæ en það eru enn til miðar á tónleikana okkar á Hard Rock,“ segir Sigurður. „Það á svo bara eftir að koma í ljós hvort við höldum okkur við sama munstrið og hingað til og förum fljótlega aftur í dvala eða hvort eitthvað meira gerist. Við sjáum til. Við eigum fleiri lög og eigum ekki erfitt með að semja, þannig að þetta fer bara eftir stemningunni. Þetta gætu þess vegna verið síðustu giggin okkar.“

Það er hægt að heyra tónlist Deep Jimi and the Zep Creams á streymisveitum og stefnt er að því að gera meira af tónlist sveitarinnar aðgengilegt á slíkum veitum.

## Í rokki og sauðfjárrækt

Sigurður hefur ekki setið auðum höndum utan rokksins og þegar blaðamaður hitti á hann var hann rennblautur á hestbaki í smalamennsku. „Ég geri eitt og annað, ég hef unnið í umhverfismálum og leiklist og er núna í einhverju kindabaxi,“ segir hann, en Sigurður er með 230 kindur á búi í Laxárdal. „Ég virðist skipta um stefnu á um það bil 10 ára fresti. Ég er enginn sauðfjárbóndi og þetta hefur gengið misvel en við höfum fengið góða aðstoð frá öðrum bændum þannig að þetta hefur bjargast fyrir horn. Auk þess er ég að rembast við að klára doktorsnám í umhverfisfræði við Háskóla Íslands og hef unnið í verkefnum fyrir skólann. Ég brasa við eitt og annað.“




Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,


UNDIRFATADAGAR Í CURVY
20% AFSLÁTTUR
AF BRJÓSTAHÖLDURUM OG NÆRBUXUM
Vertu velkomin í verslun Curvy
í Hreyfilshúsinu við Grensásveg
Sjáðu úrvalið og pantaðu í
netverslun www.curvy.is
Brjóstahaldari
6.392 kr
7.990 kr
Brjóstahaldari
7.992 kr
9.990 kr
Spangarlaus BH
7.192 kr
8.990 kr
Brjóstahaldari
7.192 kr
8.990 kr
Brjóstahaldari
7.992 kr
9.990 kr
Nærbuxur
3.992 kr
4.990 kr
Curvy
Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki


SUZUKI




Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum til flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**


## Þjónusta

### Húsaviðhald


Viking
VIKING WINDOW AS
Fyrir íslenskar aðstæður



- Álklæddir trégluggar
- Trégluggar

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ,
Sími: 480 0000, www.aflvelar.is

**HÚSAVIÐGERÐIR**
**ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI**
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf


### Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Heilsa

### Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Atvinna

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

Til leigu 2ja herb. íbúð, langtímaleiga. Vesturbær Kóp. Tilboð og uppl. í síma: 692-6910

### Geymsluhúsnæði

**UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARFIRÐI**
Getum bætt við okkur tjaldvögnum og fellihýsum í vetur. S. 773-3376.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

HEILSUGÆSLAN LÁGMÚLA
LÁGMÚLA 4 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 595 1300

**Heilsugsæslan Lágmúla 4 tilkynnir:**
Bólusetning til varnar inflúensu er hafin!
Ekki þarf að panta tíma, komið milli 8 og 15:30 alla virka daga.
Sérlega mikilvægt er að allir eldri en 60 ára og einstaklingar með ýmsa undirliggjandi sjúkdóma og þungaðar konur láti bólusetja sig.

**Lágmúli Health Care Center announces:**
Vaccination against influenza virus season 2019/2020 has begun.
No appointment needed, open between 8 to 15:30
Vaccination is recommended for people over 60 years and others with special underlying diseases and pregnant women.

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá
Capacent_
Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.
capacent.is

CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR
Best geymda leyndarmál Kópavogs
Gullnáman

**BOLTINN Í BEINNI**
**LEIKIR HELGARINNAR**
LAUGARDAGUR
14:00 Everton - Sheffield United
SUNNUDAGUR
13:00 West Ham - Man.Utd.
15:30 Arsenal - Aston Villa
15:30 Chelsea - Liverpool
Boltatilboð

**LIFANDI TÓNLIST**



FESTIVAL
Spilar fyrir dansi
FÖSTUDAG & LAUGARDAG
**FRÁ KL. 00.00 - 03.00**

**HAPPY HOUR VIRKA DAGA FRÁ 16-19**
**HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21**
SÍMI 554 2166
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR
WWW.CATALINA.IS







## Við getum ekki komið í veg fyrir að þú breytist í foreldra þína ...

## **En við getum tryggt að þú vitir hvað er að frétta!**

FRETTABLADID.IS

## Uppskeruhátíð Morra



Signý er þekkt fyrir silkislæður sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Signý Þórhallsdóttir hefur þróað og framleitt vörur fyrir vörumerki sitt Morra í vinnustofu í Hönnunarsafni Íslands undanfarna mánuði. Við silkislæðurnar hafa nú bæst ullarslæður og sparisloppur þar sem íslenska flóran er enn í aðalhlutverki. Uppskeruhátíð hefst í dag klukkan 17.30 og allir eru hjartanlega velkomnir. – gun



Monika er ekki bara tónlistar- og leiðsögumaður heldur líka friðarsinni hinn mesti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Góð orka skiptir máli

**Alþjóðlegur friðardagur er á morgun. Monika Abendroth hörpuleikari heldur utan um dagskrá sem opin er almenningi. Tuttugu og tvær evrópskar konur taka þátt.**

> **Á Bleikhóli hefur verið ræktað upp risastórt grænt hjarta og framan við það ætlum við að bera fram þakklæti til móður jarðar fyrir hennar skilyrðislausu ást.**

Við byrjum í Kjarnanum í Mosfellsbæ klukkan 11 með sýningu sem nefnist Hvernig upplifa og túlka börnin frið í leik og starfi. Hún er eftir leikskólabörn í Kópavogi og bæjarfulltrúar þaðan og frá Mosfellsbæ opna hana. Okkur finnst mikilvægt að tengja kynslóðir og líka að bæjarfélög sameinist um að halda viðburð á þessum friðardegi. Það væri gaman að sjá sem flesta.“

Þannig lýsir Monika Abendroth upphafi dagskrár friðardagsins á morgun sem verður formlega opnuð í Þjóðminjasafninu klukkan 14. Þar taka meðal annars fjórar erlendar konur til máls. Þær eru staddar hér á friðarþingi og Monika tekur fram að þær tali ensku.

„Ein fjallar um að hver og einn þurfi að finna frið í eigin barmi, það hafi áhrif á næstu manneskju. Ein er Sami frá Norður-Noregi og talar svolítið um hvernig það er þegar meirihluti kúgar minnihluta, tvær frá Sviss sem hafa verið í flóttamannahjálp tala um hvernig það er að hafa flóttamenn sem nágranna. Svo komum við Palli fram líka, hann er svo elskulegur að taka þátt. Á eftir verður gengin friðarganga kringum Reykjavíkurtjörn.“

Hingað til lands eru komnar 22 konur frá fjórtán Evrópulöndum til að ræða saman, að sögn Moniku. „Þær eru í grasrótarhreyfingu sem kallast European Grandmother Council. Ekki allar ömmur en samt konur með reynslu. Tilgangur samtakanna er göfugur, konur vilja næra lífið og skapa jafnvægi í náttúrunni, meðan karlar leggja oft meira upp úr hagvexti og framkvæmdum, burtséð frá því hverjar afleiðingarnar verða.“

Samtökin Eruopean Grandmother Council voru stofnuð árið 2015 á Ítalíu, að sögn Moniku. „Ég var í heimsókn hjá systur minni og var spurð hvort ég vildi taka þátt, mig hafði einmitt langað að starfa á alþjóðavettvangi og þarna kom þetta til mín.

Við konurnar hittumst á níu mánaða fresti og fyrir utan stofnfundinn höfum við verið í Þýskalandi, Noregi, Ítalíu og Litháen. Þær sem bjóða heim gera það af frjálsum vilja og nú fannst mér ég vera tilbúin. Því eru þessar konur komnar til Íslands. Ég ákvað strax að hafa þema dagskrárinnar frið því við Íslendingar búum í herlausu landi og erum laus við vopnaframleiðslu. Valdi dagsetningu níu mánuði fram í tímann og það fallega gerðist að ég hitti einmitt á alþjóðlega friðardaginn. Þegar ég áttaði mig á því sat ég fyrir framan tölvuna og sagði bara takk, takk.“

Monika segir mörg spor og símtöl að baki við að skipuleggja þingið. „Þessar konur hafa ekki efni á að borga 100 þúsund fyrir gistingu í þrjár nætur en vinkona mín kom með þá frábæru hugmynd að fá inni í sumarbúðunum í Reykjadal. Það gekk og er alveg draumur, þar er allt til alls og peningurinn okkar fer beint í barnastarfið en ekki arðgreiðslur til hóteleigenda. Falleg hringrás. Eini gallinn er sá að ekki eru almenningssamgöngur á staðinn en það leysist.“

Á sunnudagsmorgun verður þakklætisathöfn í grennd við Krísuvík, nánar tiltekið við Bleikhól. „Það er komið að þeim hól rétt áður en komið er til Krýsuvíkur og það er skilti við veginn. Á Bleikhóli hefur verið ræktað upp risastórt grænt hjarta og framan við það ætlum við að bera fram þakklæti til móður jarðar fyrir hennar skilyrðislausu ást. Góð orka skiptir máli. Þegar ég fór að skoða staðinn með einni úr hópnum sáum við að það er fullt af litlum hjörtum á jörðinni, þegar að er gáð. Alveg ótrúlegt.“ gun@frettabladid.is




✝

Ástkær faðir minn, bróðir og frændi,

**Gísli Þórðarson**

viðskiptafræðingur,
Norðurbrún 1, Reykjavík,

lést á heimili sínu fimmtudaginn 12. september sl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 26. september klukkan 15.00.

**Þórður Gíslason**
**Halldóra Þórðardóttir**
**og frændsystkin.**



✝

Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Kristínar Guðmundsdóttur**

Sléttuvegi 23.

Innilegar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunardeildar aldraðra á Akranesi fyrir einstaka umönnun og væntumþykju.

**Jóhann Guðmundsson** — **Guðrún G. Kristinsdóttir**
**Helga Guðmundsdóttir Sördal**
**Bjarnfríður Guðmundsdóttir** — **Guðmundur Ingi Haraldsson**
**Ófeigur Guðmundsson** — **Friðgerður María Friðriksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Gunnar Andrés Jóhannsson**

bóndi og fyrrv. forstjóri,
Árbæ, Holtum,

lést að heimili sínu þriðjudaginn 10. september. Útförin fer fram laugardaginn 21. september frá Árbæjarkirkju, Holtum, klukkan 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Orgel- og minningarsjóð Árbæjarkirkju, nr. 0308-03-250972, kt. 420169-4509.

**Vigdís Þórarinsdóttir**
**Grétar Þórarinn Gunnarsson** — **Guðríður Sigurðardóttir**
**Maríanna Gunnarsdóttir** — **Ólafur Örn Ólafsson**
**Gunnar Jóhann Gunnarsson** — **Hafdís Svava Níelsdóttir**
**og afabörn.**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Hagalín Guðmundsson**

frá Innri-Hjarðardal, Önundarfirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 11. september. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 20. september kl. 13.00.

**Yngvi Hagalínsson** — **Guðbjörg Halldórsdóttir**
**Sigríður Hagalínsdóttir** — **Skafti Þ. Halldórsson**
**Guðrún Hagalínsdóttir** — **Arne B. Vaag**
**Guðmundur Hagalínsson** — **Ágústa Halldórsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóhanna Ólína Hlífarsdóttir**

(Óla Hanna)
frá Norðfirði,

lést á Landakotsspítala 15. september. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 24. september kl. 13.00.

**Hlífar Þorsteinsson**
**Lára Jóna Þorsteinsdóttir**
**Kristinn Steinn Guðmundsson** — **Sigurlaug Pálsdóttir**
**Höskuldur Guðmundsson** — **Úlfhildur Úlfarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Júlíus Jónsson**

húsgagnasmiður,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold, Garðabæ, mánudaginn 16. september. Útför fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 27. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Alzheimersamtökin.

**Björk Garðarsdóttir**
**Bylgja Júlíusdóttir** — **Sveinbjörn Rögnvaldsson**
**Skúli Júlíusson** — **Linda Pehrsson**
**og barnabörn.**




Tveir sérfræðingar verða í verslun okkar um helgina.

**Kíktu í heimsókn og þú gætir unnið Y stól og dúnmjúka kodda frá auping!**

auping
*with love*

CARL HANSEN & SØN
PASSIONATE CRAFTSMANSHIP

Skeifan 6 / 5687733 / www.epal.is

epal







**MUHAMAD**
**"THE WEAVER" Í EPAL**

Vefarinn Muhamad verður í Epal Skeifunni föstudag til laugardags og sýnir vefun á hinum heimsþekkta Y stól sem hannaður er af Hans J. Wegner. Mohamad starfar hjá Carl Hansen og þykir framúrskarandi í þessari iðngrein.

Sjón er sögu ríkari.

**15%**
**afsláttur af pöntunum og lagervörum frá Carl Hansen**

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 3 ↑ |
| Ísafjörður | 5 | 4 ← |
| Akureyri | 13 | 3 ↖ |
| Egilsstaðir | 14 | 4 ↑ |
| Kirkjubæjarklaustur | 11 | 2 ↑ |
| Hveravellir | 7 | 6 ↑ |

Suðaustan 8-13 sunnan- og vestanlands í dag, en annars breytileg átt, 3-8. Rigning eða súld í flestum landshlutum, en styttir upp norð-austan til seinnipartinn. Hiti 8 til 13 stig, en allt að 18 stigum norð-austanlands.

## Laugardagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 8 ↖ |
| Ísafjörður | 8 | 2 ↖ |
| Akureyri | 14 | 2 ↙ |
| Egilsstaðir | 14 | 4 ↑ |
| Kirkjubæjarklaustur | 11 | 9 ← |
| Hveravellir | 8 | 6 ↑ |

## Sunnudagur

| Staður | Hiti °C | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13 | 7 ↖ |
| Ísafjörður | 11 | 3 ↖ |
| Akureyri | 12 | 1 ↖ |
| Egilsstaðir | 12 | 2 ↖ |
| Kirkjubæjarklaustur | 11 | 7 ↖ |
| Hveravellir | 12 | 8 ↑ |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 1 | | | 2 | 5 | | |
| | | 2 | | 5 | 9 | 8 | 1 | |
| | | | | | 3 | | 4 | 6 |
| | 6 | | 8 | | | | 2 | |
| | 5 | 8 | 1 | | 7 | | | 9 |
| | | | | 6 | | | | |
| 1 | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | | | | 7 | | | 3 | |
| 4 | | 7 | 9 | | | 1 | 8 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 1 | 9 | | | |
| 7 | 8 | | | | 6 | | | |
| | 2 | 4 | 7 | | 5 | | | |
| | 3 | | 5 | | | | 7 | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |
| 1 | | 9 | | | 8 | 2 | | |
| | | | 6 | | 7 | 9 | 5 | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| 5 | | | | | | | 8 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 6 | | 2 | 4 | | |
| | 6 | 2 | 4 | | | 5 | 7 | |
| | | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 8 | 4 | 7 | | | |
| | | | | | 1 | | 4 | 6 |
| | | 5 | 2 | | | | | 7 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 4 | | | 7 | | 1 | | |
| 6 | 1 | 7 | | | | | 3 | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 steintegund
5 metaskál
6 tveir eins
8 getspakur
10 samtök
11 spori
12 stútur
13 ílát
15 fyrirgirðing
17 píp

**LÓÐRÉTT**
1 fréttast
2 þrá
3 ginning
4 hæll
7 hundraðshluti
9 arka
12 lævís
14 kák
16 tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 kvars, 5 vog, 6 pp, 8 innsær, 10 sa, 11 kló, 12 háls, 13 skál, 15 tálmun, 17 flaut.
**LÓÐRÉTT:** 1 kvísast, 2 vona, 3 agn, 4 spæll, 7 prósent, 9 skálma, 12 háll, 14 káf, 16 uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Helgi Áss Grétarsson (2.410) átti leik gegn Charles Storey (2.282) á alþjóðlegu móti á Krít.

**35. Bb7!** Sérlega skemmtilegt og óvenjulegt línurof. Svartur reyndi 35...Bd4 en eftir 36. Hxd4 Dxd7 37. Dxc7 var hann manni undir og gafst upp. Helgi Áss endaði í 2.-3. sæti með 5½ vinning í 9 skákum. Hjörvar Steinn Grétarsson og Guðmundur Kjartansson eru efstir á Haustmóti TR.

**www.skak.is:** Helgi Áss og Haustmótið.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 1 | 7 | 4 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 9 | 2 | 4 | 8 | 6 | 3 | 5 | 1 | 7 |
| 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 | 8 | 4 |
| 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 3 | 9 | 1 | 5 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 4 | 9 | 2 | 6 | 1 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 6 | 7 | 5 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 9 | 6 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 7 | 5 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 | 3 | 6 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 5 | 3 | 4 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 1 | 8 |
| 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 9 | 5 | 2 | 4 |
| 1 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 9 | 6 | 7 |
| 4 | 1 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 2 |
| 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 1 |
| 8 | 2 | 6 | 5 | 4 | 1 | 7 | 9 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 8 | 5 | 2 | 9 | 1 | 7 | 4 | 3 |
| 9 | 1 | 7 | 3 | 4 | 8 | 6 | 2 | 5 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 1 |
| 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 5 | 1 | 7 |
| 1 | 5 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 8 | 4 |
| 4 | 7 | 8 | 9 | 1 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 3 | 8 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 |
| 7 | 2 | 1 | 4 | 5 | 9 | 3 | 6 | 8 |
| 8 | 6 | 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 5 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

### Ævintýraveröld

**Hulda Jónsdóttir** er 98 ára gömul og býr ein í eigin íbúð í Reykjavík. Hún segir frá lífi sínu og heimsókn á æsku-slóðir sínar að Seljanesi á Ströndum í sumar.





### Lét drauminn rætast

**Eva Maria Daniels** kvikmyndafram-leiðandi hefur starfað með mörgum af skærustu stjörnum Hollywood og segir frá nýjasta verkefni sínu, Good Joe Bell, sem skartar Mark Wahlberg í aðalhlutverki.

### Bláa stúlkan

Við segjum sögu **Sahar Khodayari**, sem kveikti í sér eftir að hún var handtekin fyrir að horfa á fótboltaleik í Íran.

### Fann bróður sinn

Verðlaunahöfundurinn **Ian McEwan** fann bróður sem hann vissi ekki af.



**Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi**


Katrín segir margar leiðir færar í dansinum eins og í öðrum listgreinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Verðum að stjórna dýrinu

## Það er mýkt í orðinu þel. Því valdi Katrín Gunnarsdóttir þann titil á dansverk sem frumsýnt er í kvöld í Borgarleikhúsinu.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Katrín Gunnarsdóttir lýsir nýja dansverkinu sínu Þeli sem líkama hóps. Nándin sé mikil milli dansara Íslenska dansflokksins sem frumsýna það í kvöld klukkan 20 á Nýja sviðinu í Borgarleikhúsinu.

„Skissur að verkinu urðu til í vor með dönsurunum. Í sumar var ég að leita að nafni og þá kom þetta orð, þel, til mín og náði að fanga svo margt. Það hefur með samhug að gera, er líka orð yfir himnur utan um líffæri og svo innra lag íslensku ullarinnar. Í dansverkinu er verið að vinna með mýktina og þetta einangraða rými sem umlykur hvern dansara. Þeir eru þétt saman, þurfa að treysta hver á annan og spila sitt hlutverk inni í stærri mynd. Formið má ekki verða stíft en við verðum samt að stjórna dýrinu svo línan er fín.“

Fyrri dansverk Katrínar hafa víða verið sýnd og vakið athygli bæði hér á landi og erlendis. Spurð hvort hægt sé að túlka allt með dansi segir hún:

„Eins og í öðrum listgreinum eru margar leiðir færar í dansinum. Ég vinn að mörgu leyti dálítið abstrakt. Fólk er móttækilegt fyrir alls konar dansverkum, það er svo læst á myndmál og sjónræna framsetningu í gegnum ýmsa miðla.“

En hvað kveikir hugmyndir að nýjum dansverkum? „Ég tek auðvitað með mér það sem ég er búin að gera, þar verða stundum hugmyndir út undan sem ég nýti eða eitthvað sem ég hef gert áður og finnst enn áhugavert. Í verkinu Crescendo vann ég með raddir, dansararnir raula líka aðeins í Þeli og Baldvin Magnússon, sem býr til tónlistina, notar raulið sem efnivið. Ég hef orðið mikla trú á að vinna í æfingarrýminu, oft er það þannig að hreyfingin kemur fyrst og þá sé ég hvað ég vil – eða vil ekki.“


Dansararnir eru þétt saman í Þeli.

Katrín segir Evu Berger búningahönnuð orða þetta vel. „Eva er listamanneskja og í hönnun á umgjörð leggur hún stundum meiri áherslu á að útiloka eitthvað en að segja skýrt hvað hún sé að túlka. Heldur því svolítið opnu. Í Þeli hefur hún mjúka tóna og leikmyndin faðmar danshópinn. Áhorfendur mega svo skynja það sem þeir vilja. Leikhúsið er einn af fáum stöðum þar sem tíðkast að fólk sé beðið að slökkva á símunum, það er gott þegar áhorfendur ná að njóta og finna smá ró og vinarþel.“

> OFT ER ÞAÐ ÞANNIG AÐ HREYFINGIN KEMUR FYRST OG ÞÁ SÉ ÉG HVAÐ ÉG VIL – EÐA VIL EKKI.

Katrín menntaði sig í hagfræði eftir kreppu og starfaði við hana um hríð en segir dansinn í fyrsta sæti þessa dagana. „Mér finnst hagfræðin samt skemmtileg og er ánægð að hafa hana í farteskinu. Listin er svo dyntótt. Fólk getur fengið ógeð á mér og ég get fengið ógeð á listinni. Starfsumhverfið er líka ótryggt. Dansgeirinn hér á landi er það lítill að nauðsynlegt er að starfa líka erlendis. Því fylgja sýningaferðalög þessari listgrein og þá er spurning hversu sjálfbært það fyrirkomulag er til framtíðar. Umhverfismálin eru að verða stærri og stærri hluti af því hvernig maður hugsar og hagar sér.“

Katrín á ársgamla dóttur með sambýlismanninum, Baldvini Magnússyni tæknistjóra hjá Íslenska dansflokknum. „Dóttirin er ótrúlega kærkomin viðbót við lífið, alger sprelligosi og aðeins farin að dansa heima. Litlu börnin eru bestu dansararnir, líkamar þeirra eru svo frjálsir og fullkomnir. Ég dansaði líka, kenndi og samdi meðan ég var ófrísk þannig að hún hefur búið við dans frá fyrstu stundu.“

## Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

20. SEPTEMBER 2019

### Viðburðir

**Hvað?** Baráttan gegn loftslagsbreytingum
**Hvenær?** 13.30
**Hvar?** Þjóðminjasafnið
Vísindafélag Íslands efnir til málþings. Erindi flytja: Brynhildur Davíðsdóttir prófessor, dr. Ólafur Arnalds, dr. Edda Sif Aradóttir Pind og Þorsteinn Svanur Jónsson framkvæmdastjóri.

**Hvað?** Hádegistónar
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Strengjadúndur með sígauna- og tangótónlist auk sígildrar fagurtónlistar. Flytjendur: Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og hjónin Anton Miller fiðluleikari og Rita Porfiris víóluleikari.

**Hvað?** Þel
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Borgarleikhúsið
Nýtt dansverk eftir Katrínu Gunnarsdóttur er fyrsta frumsýning ársins 2019 hjá Íslenska dansflokknum.

**Hvað?** Listaspjall og tónlistarleiðsögn
**Hvenær?** 20.00 - 21.00
**Hvar?** Harbinger, Freyjugötu 1
Guðlaug Mía Eyþórsdóttir veitir áheyrendum innsýn í tilurð verka sinna og Sindri Freyr Steinsson þverflautuleikari leiðir gesti um sýninguna.



# Lífræn epli
á góðu verði í Bónus




**298** kr./500g
**Lífræn Epli**
500 g




**498** kr./1kg
**Lífræn Epli**
1 kg

0,5l




**79** kr./500 ml
**Toppur án bragðefna,** 500 ml
**Toppur Sítrónu,** 500 ml




**398** kr./500 g
**Weetos Morgunkorn**
500 g

## SAMA VERÐ UM LAND ALLT




**149** kr./330 ml
**Smart Power Orkudrykkur**
330 ml, 3 teg.




25g prótein

**129** kr./250 ml
**Hámark Próteindrykkur**
250 ml, 3 teg.

500g




**598** kr./500 g
**Gevalia Kaffi**
Original 500 g




**398** kr./pk.
**Lavazza Kaffihylki**
10 stk. í pakka




**598** kr./750 ml
**ES Jómfrúar Ólífuolía**
750 ml

1l




**598** kr./1 l
**ES Ólífuolía**
1 lítri

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Sparaðu
tíma og fyrirhöfn



## Foreldað
Aðeins að hita

**1.598 kr./stk.**

**Bónus Súpur**
1-1,2 kg, 5 tegundir

Íslenskt lambakjöt
## Af nýslátruðu



**979 kr./kg**

**KF Lambasúpukjöt**
Af nýslátruðu



**279 kr./kg**

**KF Lambalifur og -hjörtu**
Af nýslátruðu



**198 kr./kg**

**KF Lambanýru**
Af nýslátruðu

**2 túpur**
í pakka



**598 kr./pk.**

**Sensodyne Tannkrem**
2 x 75 ml, 2 teg.

**120**
hylki



**2.679 kr./gl.**

**Protis Kollagen**
120 hylki



**698 kr./pk.**

**Fjóla Salernispappír**
9 rúllur, 240 blöð á rúllu

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Bónus Smáratorgi og Skeifunni:** Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

Kósíkvöld á RÚV




Í kvöld kl. 19.45

Skemmtiþáttur um íslenska tungu í umsjón Bjargar Magnúsdóttur og Braga Valdimars Skúlasonar. Þátttakendur etja kappi í taugatrekkjandi stöfunarkeppni, sérhannaðri útgáfu af hengimanni og fleiri þrautum.




Í kvöld kl. 20.40

Gísli Marteinn tekur á móti góðum gestum og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi. Brakandi fersk tónlistaratriði og ómissandi innslög Berglindar Festival koma landsmönnum í helgarstemninguna.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## RÚV SJÓNVARP

**12.35 Kastljós**
**12.50 Menningin**
**13.00 Útsvar 2017-2018 Kjósarhreppur - Hafnarfjörður**
**14.15 Enn ein stöðin**
**14.40 Séra Brown**
**15.25 Söngvaskáld Hörður Torfason** Hörður Torfason flytur nokkur laga sinna að viðstöddum áheyrendum í myndveri RÚV. Stjórn upptöku: Jón Egill Bergþórsson.
**16.20 Grafhýsi Tútankamons**
**17.05 Veröld sem var Draumur okkar beggja** Í þættinum fjalla Bergsson og Blöndal um útrásardrauma Íslendinga. Drauma um veitingastað í London, drauma hljómsveita um heimsfrægð, draumurinn um Obsession og draumurinn um hina íslensku Mjallhvíti – sem kom frá Siglufirði.
**17.35 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps** Þættir frá 2016 þar sem litið er um öxl yfir 50 ára sögu sjónvarps og fróðleg og skemmtileg augnablik rifjuð upp með myndefni úr Gullkistunni. Kynnir er Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson. e.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ofurmennaáskorunin**
**18.29 Tryllitæki - Alger vöknun**
**18.40 Krakkavikan** Í Krakkavikunni er skyggnst inn í heim barnamenningar. Við fjöllum um skemmtilega viðburði og það sem er framundan hjá KrakkaRÚV og UngRÚV. Við fjöllum líka um það sem bar á góma í Krakkafréttum vikunnar, fræðumst um tækni og töfra og allt þar á milli. Umsjón: Jóhannes Ólafsson og Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.35 Veður**
**19.45 Kappsmál**
**20.40 Vikan með Gísla Marteini**
**21.25 Séra Brown** Breskur sakamálaþáttur um hinn slungna séra Brown sem er ekki bara kaþólskur prestur heldur leysir glæpsamleg mál á milli kirkjuathafna. Aðalhlutverk: Mark Williams.
**22.15 Síðasta konungsríkið** Ævintýraleg spennuþáttaröð frá BBC sem gerist á Englandi á síðari hluta níundu aldar. Danir hafa ráðist inn í England og náð yfirráðum í fjölda smáríkja, en stríðsmaðurinn Uhtred er óttalaus og staðráðinn í að endurheimta ríki sitt. Aðalhlutverk: Alexander Dreumon, Ian Hart, David Dawson og Eliza Butterworth. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Vatnið tekur16**
**00.50 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.35 Inside the PGA Tour** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**09.00 BMW PGA Championship** Bein útsending frá BMW PGA Championship á Evrópumótaröðinni.
**17.05 Solheim Cup** Hápunktarnir frá Solheim Cup 2019.
**18.00 Sanderson Farms Championship** Bein útsending frá Sanderson Farms Championship á PGA mótaröðinni.
**22.00 PGA Highlights** Hápunktarnir á PGA mótunum.
**22.55 Golfing World** Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Family Guy**
**14.15 The Biggest Loser**
**15.00 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 Bílar 3 - ísl. tal**
**21.25 Beauty and the Beast**
**23.35 The Tonight Show**
**00.20 The Late Late Show**
**01.05 NCIS**
**01.50 The Handmaid's Tale**
**02.45 Yellowstone**
**03.30 FEUD**
**04.30 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Í ljósi sögunnar**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Óskastundin**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Heimskviður**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Sögur af landi**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Skyndibitinn**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestarklefinn**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Hraði Þriðji þáttur**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 FlugurRosanne Cash, Carlene Carter og Rosey Nix**
**19.50 Lofthelgin**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.40 Kvöldsagan. Svipir dagsins og nótt**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestarklefinn**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50 Experimenter**
**13.30 The Choice**
**15.20 Golden Exits**
**16.55 Experimenter**
**18.35 The Choice**
**20.25 Golden Exits**
**22.00 Her**
**00.05 Darkest Hour**
**02.10 Operation Avalanche**
**03.45 Her**

## STÖÐ 2

**07.00 Tommi og Jenni**
**07.25 Friends**
**07.45 Gilmore Girls**
**08.30 Brother vs. Brother**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Deception**
**10.20 The Detail**
**11.00 The Good Doctor**
**11.45 Landhelgisgæslan**
**12.10 Feðgar á ferð**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Suður-ameríski draumurinn**
**13.35 Ocean's Thirteen**
**15.35 Jane Fonda in Five Acts**
**17.45 Bold and the Beautiful**
**18.05 Nágrannar**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Steypustöðin - brot af því besta**
**19.55 A Dog's Way Home**
**21.30 The Hate U Give**
**23.40 The Commuter**
**01.25 The Squid and the Whale**
**02.45 Gotti**
**04.35 Ocean's Thirteen** Þriðja myndin um glæpagengi Dannys Ocean sem ákveður enn og aftur að láta til skarar skríða og fremja stærsta ránið til þessa.

## STÖÐ 3

**19.10 Mom**
**19.35 The Big Bang Theory**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Stelpurnar**
**21.15 Barry**
**21.50 American Dad**
**22.15 Famous In love**
**23.00 Lovleg**
**23.25 Castle Rock**
**00.15 Mom**
**00.40 The Big Bang Theory**
**01.00 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.10 Valur - KR** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**08.50 Breiðablik - Stjarnan** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**10.30 Pepsi Max Mörk karla**
**11.40 FK Partizan - AZ Alkmaar** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**13.20 Dynamo Kiev - Malmö FF** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**15.00 Eintracht Frankfurt - Arsenal** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**16.40 Manchester United - FC Astana** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.
**18.20 Evrópudeildarmörkin**
**19.10 Þróttur - Grindavík** Bein útsending frá leik í Inkasso deild kvenna.
**21.20 La Liga Report** Upphitunarþáttur fyrir leikina í spænsku úrvalsdeildinni.
**21.50 Seinni bylgjan** Markaþáttur Olís deildarinnar í umsjón Henrys Birgis Gunnarssonar.
**23.20 OpenCourt - All-Star Stories & Memories** Skemmtilegur heimildarþáttur frá NBA.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**18.40 Cagliari - Genoa** Bein útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


ILVA
VEFVERSLUN - WWW.ILVA.IS - ALLTAF OPIN -
LJÓSADÖGUM
LÝKUR Á MÁNUDAG
20-50%
AF ÖLLUM LJÓSUM
30% AF PERUM
©ILVA áskilur sér rétt að leiðrétta augljósar villur.
20-60%
AF ÖLLUM MOTTUM
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
Laugardaga og sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30
netgíró
VALITOR
FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM.COM/ILVAISLAND

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ



Pétur Jóhann kemur fram í Hörpu í nóvember og fer þar yfir tuttugu ára feril í gríninu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

# Berskjaldaður Pétur Jóhann

Í nóvember verður **Pétur Jóhann** með sýningu í Hörpu þar sem hann fer yfir tuttugu ára feril sinn í gríninu. Hann lítur þakklátur yfir farinn veg sem færði honum góða vini og ómetanlega reynslu.

Grínistinn Pétur Jóhann Sigfússon heldur upp á tuttugu ár í grínbransanum en hann segir að líf hans hafi verið stöðugur fíflagangur, löngu áður en hann vann keppnina Fyndnasti maður Íslands. Pétur lofar fyndinni sýningu en það verður líka tekið á ýmsu öðru af litríkum ferli eins ástsælasta skemmtikrafts landsins.

### Margt á gráu svæði

„Þetta var bara eitthvað sem mér fannst ég verða að gera. Horfa til baka og fara yfir þessi tuttugu ár. Það hefur margt gengið á og mikið sem mér finnst ég þurfa að segja frá. Þetta er ekki hefðbundið uppistand þannig séð. Það sem mig langar líka mikið að gera er að ná að draga áhorfandann á staðinn þar sem hlutirnir gerðust, hvernig karakterar urðu til og aðdraganda sumra atriða,“ segir Pétur.

Nefnir hann sem dæmi eitt atriði í 70 mínútum þar sem hann, Auddi og Sveppi keyrðu alla leiðina á Akranes til að láta Pétur fara í sleik við einhverja stelpu.

„Hvernig æxlaðist það eiginlega að ég er þarna á leið upp á Akranes í þessu erindi? Miðaldra maður að skutlast með vinum sínum og tökumanni upp á Skaga til að fara í sleik. Það er náttúrulega ekki í lagi. Þetta er eitthvað sem mig langar mikið til að ræða uppi á sviði í Eldborg,“ segir Pétur glettinn.

„Margt sem við gerðum var á gráu svæði og mér finnst áhugavert að skoða það og gera upp á minn hátt.“

### Hófst með Svínasúpunni

Pétur var valinn fyndnasti maður Íslands árið 1999 og má segja að titillinn verið upphafið að farsælum ferli hans sem grínista.

„Ég byrjaði samt ekkert þarna. Ég hef verið að grínast allt mitt líf, ég byrja að vera með fíflagang og kjaftæði og rugl frá því ég var kannski sex ára. Ég varð fyndnasti maður Íslands árið 1999, en líf mitt hefur verið einn stór fíflagangur.“

Í kjölfar sigursins var Pétri boðið starf á útvarpsstöðinni sálugu Radíó, sem þeir Sigurjón Kjartansson og Jón Gnarr voru með. Þar var hann með þáttinn Ding Dong með Þórði Helga Þórðarsyni, sem einnig er þekktur sem Doddi litli.

„Ég fór bara á fullt í uppistandið og útvarpið. Radíó sameinaðist svo X-inu, varð Radíó X og að lokum enduðum við á FM957. Þá var útvarpsstöðin undir sama þaki og Popptíví, þannig að þar kynntist ég Audda, Sveppa, Simma og Jóa.“

Pétur, Sveppi og Auddi byrjuðu í sameiningu á þessum tíma að leggja drögin að sketsaþáttum sem síðar urðu Svínasúpan.

„Þannig hófst okkar samstarf, með því að við byrjuðum að skrifa Svínasúpuna ásamt Sigurjóni Kjartanssyni.“

### Ólafur Ragnar í uppáhaldi

Pétur svarar hratt og ákveðið þegar hann er inntur eftir sínu uppáhalds hlutverki á ferlinum.

„Það er auðvitað Ólafur Ragnar.“

Hann segist aldrei hafa pirrað sig á vinsældum karaktersins og hljómar auðmjúkur og þakklátur.

„Ég horfi til baka á þessa tíma með væntumþykju og finnst ég heppinn að hafa fengið að túlka hann. Mér finnst eiginlega vænst um það hvernig fólk tók honum og er því alveg ótrúlega þakklátur. Það er gaman að fólk tengi við það sem maður er að gera og finnist það skemmtilegt. Þegar fólk er að vitna í hann, mér finnst það frábært. Er ekki helsta takmark skemmtikraftsins að skemmta?“

Hann segir það hve líkur Ólafur Ragnar sé honum sjálfum hafa einnig þau áhrif að hann haldi mikið upp á karakterinn. Pétur tengir við léttleikann og jákvæðnina sem bjó í honum.

„Þetta reddast-hugarfarið hans, ég tengi við það. Mér finnst hann líka smá þverskurður af íslensku þjóðarsálinni. Við erum svolítið eins og Ólafur Ragnar: „Þetta reddast, við borgum þetta bara á morgun.“ Ég var með í því ferli að skapa persónuna, það eru ekki allir leikarar svo heppnir að fá það tækifæri.“

### Ómetanlegt ferli

Pétur segir það hafa verið ómetanlegt ferli að fá að skapa persónuna með hinum handritshöfundunum.

„Það var gaman og svo voru alls konar skemmtileg smáatriði sem maður gat laumað inn, eitthvað sem maður fékk héðan og þaðan. Það var svipað með Georg sem Jón lék. Þeir eru samansafn af fólki sem maður hefur hitt í gegnum tíðina.“

Nú er vinsælt að endurvekja gamla sjónvarpsþætti. Spurður hvort möguleiki sé á framhaldi á Vaktaseríunum, jafnvel einhverri Lokavakt, segir Pétur það ekki hafa komið til tals.

„Það hefur ekki verið rætt, en það er aldrei að vita. Aldrei að segja aldrei.“

> **VIÐ DRUKKUM ALLTAF ÓGEÐISDRYKKINA. ÞEIR VORU ALLIR VONDIR OG ÞAÐ VAR ALGENGT AÐ VIÐ ÆLDUM Í KJÖLFARIÐ.**

> **ÉG ER NÁNAST Í DAGLEGUM SAMSKIPTUM VIÐ SVEPPA OG AUDDA. VIÐ UNNUM OG VINNUM ENN MIKIÐ SAMAN LÍKA, EN ERUM LÍKA GÓÐIR VINIR FYRIR UTAN VINNU.**

### Erfitt að leika Lúðvík

Sjónvarpsserían Heimsendir tók á öllu alvarlegra viðfangsefni en Pétur hafði vanist, en þeir fjalla um kennarann Einar sem hrindir af stað uppreisn á geðveikrahæli úti á landi. Í þáttunum lék hann þroskaþjálfann Lúðvík.

„Það tók mest á að leika hann. Hann var svo bara svo venjulegur. Ég er svo vanur að leika karaktera með einhver afgerandi og ýkt persónueinkenni. Ég leit á þetta sem áskorun. Það er erfitt að lýsa þessu, en það var áhugavert að leika persónu sem ég átti erfiðara með að tengja mig við,“ segir Pétur, en þættirnir hafa öðlast nokkurs konar költ-status í dag, tæpum áratug eftir að þeir komu út.

„Ragnar Bragason var alltaf sannfærður um að ég ætti að fara með þetta hlutverk. Auðvitað treystir maður honum. Þetta var erfitt. En ég er þakklátur fyrir að hafa fengið þetta hlutverk og tekið áskoruninni.“

### Hefðu getað stórslasast

Pétri er sérstaklega minnisstætt eitt atriði úr 70 mínútum.

„Ég veit ekki alveg hvað við vorum að pæla. Við fengum íslenska handboltaliðið til að raða sér upp á vítalínuna og dúndra boltum í rassinn á okkur. Sumir boltarnir hittu náttúrulega ekkert í rassinn. Ég fékk einn í síðuna, maður hefði alveg getað stórslasast. Eftir á að hyggja var þetta ekkert sniðugt.“

Margt af því sem þríeykið brallaði saman á sínum tíma þætti ansi bratt að gera í sjónvarpi í dag.

„Það er rétt. Margt af þessu var alveg fáránlegt. Við drukkum alltaf ógeðisdrykkina. Þeir voru allir vondir og það var algengt að við ældum í kjölfarið. Surströmming stendur upp úr sem versta reynslan, en það er nokkurs konar úldin síld. Það er ekki hægt að lýsa lyktinni í orðum, við ældum allir.“

### Drakk ókunnuga undir borð

Æskuvinur Péturs er læknir og leist nú aldeilis ekki á blikuna þegar hann sá Pétur í drykkjukeppni í Asíska og Suður-Ameríska draumnum.

„Einhverra hluta vegna þoli ég áfengi betur en flestir þannig að ég er alltaf látinn drekka einhvern heimamann undir borð í Draumaseríunni. Þetta er náttúrulega stórhættulegt og vinur minn minnti mig réttilega á það, sagði að ég gæti fengið hræðilega áfengiseitrun eða jafnvel drepist. Við erum ekkert að pæla í því. Ég sat þarna í Suður-Kóreu með einhvern náunga á móti mér og drakk þangað til að hann gat ekki meir.“

### Vinir fyrir utan vinnu

Sumir velta fyrir sér hvort vináttan milli þeirra félaga úr Strákunum, 70 mínútum og Drauma-seríunni sé kannski mögulega sett á svið fyrir áhorfendur. Pétur segir að svo sé ekki í þeirra tilviki.

„Ég er nánast í daglegum samskiptum við Sveppa og Audda. Við unnum og vinnum enn mikið saman líka, en erum líka góðir vinir fyrir utan vinnu. “

Hann segir að það sé nánast óhjákvæmilegt að tengjast vinaböndum á ferðum líkt og þeir fara í Draumaseríunni.

„Nálægðin er mikil. Maður er mikið á hótelherbergi með vinnufélaganum. Ég er kannski með Sveppa allan sólarhringinn í heilan mánuð. Menn þurfa að vera góðir vinir, og við vorum það fyrir.“

### Lætur Ólafur Ragnar sjá sig?

Svo má að orði komast að Pétur verði berskjaldaður á sýningunni í Hörpu, einn á sviðinu að gera upp tvo áratugi af gríni.

„Ég mun rifja upp skemmtileg atvik og aðstæður, líka í einkalífinu. Eins og ég sagði áður, líf mitt hefur verið einn stór fíflagangur.“

*Lendir þú oft í því nú til dags að vera beðinn um að taka köttinn?*

„Já. Nánast daglega. Það er einhver möguleiki að hann láti sjá sig á sýningunni, ég er enn þá að finpússa hana og undirbúa. Svo eru góðar líkur á að Ólafur Ragnar láti sjá sig. En ég segi ekki meira um það í bili.“

Sjáið berskjaldaðan, einlægan og umfram allt fyndinn Pétur Jóhann í þessari einu sýningu í Eldborg í Hörpu þann 9. nóvember. Miðar eru komnir í sölu á harpa.is og tix.is.

steingerður@frettabladid.is


íslenska
Neglurnar eru sterkari, naglaböndin mýkri og raunar öll húðin.
MARGRÉT
SÝNILEGUR ÁRANGUR Á 30 DÖGUM
FYRIR HÚÐ, HÁR OG NEGLUR
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA OG HUGVIT
ÍSLENSKT Í HÚÐ OG HÁR
Kollagen frá Protis á sér enga hliðstæðu enda afrakstur íslensks hugvits, unnið úr afurðum sjávar og gætt meira af virkum innihaldsefnum en sambærilegar vörur. Kollagen er laust við öll aukaefni og skilar skínandi árangri fyrir húð, hár og neglur á aðeins 30 dögum.
PROTIS
KOLLAGEN
FYRIR HÚÐ, HÁR OG NEGLUR







# Skósveinn Svarthöfða eftir heilablæðingu

Star Wars heillaði **Jóhann Waage** í æsku. Eftir að dyr dauðans skullu nærri hælum hans ákvað hann að ganga í fullum skrúða til liðs við 501. nördaherinn. Kona og börn fylgdu svo í kjölfarið.

Jóhann Waage var eins árs þegar fyrsta Star Wars-myndin var frumsýnd 1977 en reiknast til að hann hafi verið orðinn sjö ára þegar framhaldsmyndin The Empire Strikes Back rataði loksins í Borgarnesbíó og hann steig sín fyrstu skref inn í stærri heim þar sem hann hefur verið með í það minnsta annan fótinn síðan.

„Empire Strikes Back er fyrsta Star Wars-myndin sem ég sá og ég varð gjörsamlega dolfallinn þarna í litla bíóinu í Borgarnesi. Maður fór síðan í Kaupfélagið og keypti sér Star Wars-kalla,“ segir Jóhann sem meðtók strax það sem hann kallar „ákveðinn kúltúr“.

Síðan leið tíminn og sveitastrákurinn varð stór án þess þó að vaxa upp úr stjörnustríðskúltúrnum og bjó í Bandaríkjunum 1997 þegar George Lucas frumsýndi endurbættar útgáfur Star Wars-þríleiksins í kvikmyndahúsum. „Ég fór í bíó og sá þá einmitt fólk í búningum í fyrsta skipti. Mér fannst þetta ógeðslega flott,“ segir Jóhann sem varð um svipað leyti fyrst var við 501st Legion, hóp Star Wars-nörda sem spóka sig í vönduðum eftirlíkingum búninga illmennanna í myndum.



Jóhann Waage er nýbúinn að fullkomna búning keisaralegra geimsjóliða. Búningurinn komst á spjöld sögunnar þegar einn slíkur sótraftur sprengdi reikistjörnuna Alderaan, æskuslóðir Lilju prinsessu, í Star Wars 1977.

**HÚN SAGÐI ÞVERT NEI. ÞAÐ KÆMI BARA ALLS EKKI TIL GREINA OG HÚN MYNDI ALDREI LÁTA SJÁ SIG Í SVONA BÚNINGI.**

Jóhann Waage

## The 501st Legion

Eru alþjóðleg samtök funheitra Star Wars-nörda með stöðvar úti um allan heim. Liðsmenn spóka sig í nákvæmum eftirlíkingum af búningum illmennanna í sagnaheimi Stjörnustríðsmyndanna en leggja fyrst og fremst áherslu á að gleðja börn og þá helst langveik börn, með góðgerðarstarfsemi hvers konar og heimsóknum á barnaspítala. Liðsmenn íslensku útvarðarstöðvarinnar voru með bás á Midgardráðstefnunni í Fífunni um helgina þar sem þeir brugðu á leik og söfnuðu tæplega 80 þúsund krónum handa Einstökum börnum. Söfnunarféð munu þau auðvitað afhenda í fullum herklæðum og stefna á að endurtaka leikinn að ári.

### Ófeigum í Helstirnið komið

Og áfram leið tíminn og það er ekki fyrr en 2015 að íslenskir liðsmenn 501. herdeildarinnar, með stofnandann og foringjann Hilmi Kolbeins í fylkingarbrjósti í forláta Svarthöfða-búningi, verða á vegi Jóhanns.

„Eftir það fylgdist ég alltaf með þeim af hliðarlínunni. Áhuginn var alltaf til staðar og Hilmir skaut því reglulega á mig hvort ég ætlaði ekki að fara að koma mér í búning.

Það er svo í nóvember 2017 sem ég fæ heilablæðingu og var lagður inn á gjörgæslu og síðar heila- og taugadeild. Ég var næstum dáinn og ákvað þarna að láta drauminn rætast.“

Jóhann pantaði sér samfesting, stígvél, hanska, belti og „gunner-hjálm“ og fyrsti búningurinn hans var fullklár í febrúar í fyrra og það sama ár fór hann í sinn fyrsta leiðangur þegar herdeildin marseraði niður Laugaveginn 4. maí, á alþjóðlegum hátíðisdegi Stjörnustríðsnörda.

„Þetta var alveg ofboðslega erfið ganga fyrir mig þar sem ég var í spelkum upp eftir öllu en ég hefði aldrei viljað sleppa þessu þótt það taki á líkamlega að athafna sig í svona herklæðum.“

### Star Wars-fjölskyldan

Ástríðufull áhugamál eru oftar en ekki ávísun á sambúðarárekstra en Mátturinn er með Jóhanni í blíðu og stríðu þótt lífsförunauturinn Svandís Sveinsdóttir hafi ekki deilt Stjörnustríðsáhuganum með honum.

„Ég vildi koma mér upp búningi í gínu og hafa sem stofustáss en hún sagði þvert nei. Það kæmi bara alls ekki til greina og hún myndi aldrei láta sjá sig í svona búningi.

Svandís fylgdi honum þó á nördasamkomu í fyrra þar sem sjö þýskir fulltrúar 501. deildarinnar voru mættir í glæsilegum búningum. „Hún hreifst svona rosalega af þessum flottu búningum og hversu mikil og náin vinátta er á milli okkar í hópnum og hún hefur verið á hliðarlínunni eins og ég áður.“

Börnin þeirra tvö hafa eðli málsins samkvæmt verið alin upp sem Stjörnustríðsnördar og vildu að sjálfsögðu fá að vera með. „Þannig að ég keypti Jawa-búninga á þau frá Bretlandi og þau breytast beinlínis í glyrnunga um leið og þau eru komin í þá,“ segir Jóhann um senuþjófana sína tvo sem skyggja alltaf á foreldrana þegar Stjörnustríðsfjölskyldan fer á kreik.

„Þau fengu langmesta athygli á Menningarnótt þar sem bæði útlendingar og Íslendingar voru alltaf að stoppa þau til þess að fá að taka myndir,“ segir Star Wars-pabbinn sem auðvitað er hið mesta ljúfmenni undir brynju útsendara hins illa keisaraveldis.

**toti@frettabladid.is**



Svandís og Jóhann ásamt glyrnungunum sínum tveimur, Óalfi Leó og Ylfu Ísafold.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*


Skál fyrir hollustu
Cheerios

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Steinunnar Ólínu



# Sælkeri í París

Ég heyrði sögu um daginn sem gengur á milli í hópi ungra kvenna. Nokkrar vinkonur frá New York fóru í helgarferð til Parísar og kvöldið fyrir heimferð fóru þær á næturklúbb til að ljúka ferðinni með trukki.

Ein þeirra hitti þar álitlegan mann sem bauð henni heim og hún sló til þrátt fyrir að vinkonurnar væru ekki allskostar sáttar við að hún yrði viðskila við hópinn svo stuttu fyrir brottför.

Sú ástsælna fer heim með gaurnum og þegar heim til hans er komið býður hann upp á nudd sem hún þiggur. Hann smyr hana ilmolíum og eitthvað finnst henni lyktin ankannaleg en reynir samt að njóta nuddsins. Víkur nú sögunni að vinkonunum sem halda heim í Airbnb íbúðina en þar uppdagast að þær eru lyklalausar og vinkonan fjarstadda með húslyklana.

Þær muna þá eftir því að þær eu með snjallforritið Find my friend. Með aðstoð GPS-forritsins finna þær út í hvaða byggingu vinkonan er niðurkomin og skunda þangað.

Eitthvað er nuddið að verða óþægilegt og yfirþyrmandi þegar okkar kona heyrir að utan vinkonurnar kalla á sig. Hún þakkar fyrir nuddið, klæðir sig og yfirgefur nuddarann þrátt fyrir að hann sé ekki sáttur við að hún fari.

Morguninn eftir fljúga stöllurnar heim en sú sem hafði fengið nuddið er alveg hreint viðþolslaus af kláða og steypist öll út í útbrotum og fer umsvifalaust á bráðamóttöku, beint af flugvellinum. Þar er henni haldið í rannsóknum sem enda á yfirheyrslum FBI. Nuddolían sem flagarinn hafði borið á hana hafði innihaldið kjötmeyri, efni til að ná seigju úr kjöti.

Nuddarinn ætlaði sér sumsé aldrei að sænga hjá dömunni, hann ætlaði að éta hana.

Góða helgi!








